# FRÉTTABLAÐIÐ

122. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 25. MAÍ 2018










# Samfylkingin er enn stærst í borginni

**Útlit er fyrir að sjö flokkar fái fulltrúa í borgarstjórn, samkvæmt nýrri könnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu. Meirihlutinn heldur velli.**

**KOSNINGAR** Sjö stjórnmálaflokkar fengju kjörna fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur ef kosið væri nú. Þetta sýnir ný skoðanakönnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert. Samfylkingin fengi 32 prósent atkvæða og yrði stærsti flokkurinn í borgarstjórn. Sjálfstæðisflokkurinn fengi rétt rúmlega 26 prósent og yrði næststærsti flokkurinn. Píratar yrðu svo þriðji stærsti flokkurinn með rúm 10 prósent. VG fengju 7,5 prósent, Viðreisn rúm 6 prósent, Miðflokkurinn rúm 5 prósent, Framsóknarflokkurinn 3,6 prósent, Flokkur fólksins 3,1 prósent og Sósíalistaflokkur Íslands 2,3 prósent.

Yrðu þetta niðurstöðurnar myndi Samfylkingin fá níu fulltrúa kjörna í borgarstjórn, Sjálfstæðisflokkurinn fengi sjö, Píratar og VG myndu fá tvo fulltrúa hvor flokkur og Viðreisn, Miðflokkurinn og Framsóknarflokkurinn fengju einn mann hver flokkur. Hvorki Flokkur fólksins né Sósíalistaflokkurinn fengju fulltrúa. Yrði þetta niðurstaðan væru flokkarnir sem nú mynda meirihluta í borgarstjórn og bjóða fram að nýju, það er Samfylkingin, Píratar og VG, með samtals 13 af 23 borgarfulltrúum.

**▨ Hlutfallslegt fylgi flokka**




Næst Sósíalistaflokknum að stærð er Kvennahreyfingin með 1,9 prósent, 0,3 prósent nefna Höfuðborgarlistann og 0,3 prósent nefna Frelsisflokkinn. Þá nefndi 0,1 prósent Alþýðufylkinguna.

Hringt var í 1.987 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 1.500 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 23. og 24. maí.

Svarhlutfallið var 75,5 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Alls tóku 62,1 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru slétt 10 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 18,4 prósent sögðust óákveðin og 9,6 prósent vildu ekki svara spurningunni. Rétt er að taka fram að vikmörkin í könnuninni eru á bilinu 0,18 til 2,36 prósent.

– jhh / sjá síðu 6

**22** DAGAR í HM

JÓN DAÐI BÖÐVARSSON




Safnaðu öllum leikmönnunum

## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Íbúar í Hlíða- og Holtahverfi mótmæla byggingum á Stýrimannareit. 4

**FRÉTTIR** Vilja byggja sorpbrennslustöð á Vestfjörðum. 10

**SKOÐUN** Þórlindur spyr hvort hann eigi að skalla þig. 17

**SPORT** Sara Björk meiddist í sáru tapi Wolfsburg í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í gær. 18

**MENNING** Alina Pogostkina spilaði á götunni sem barn en með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld. 34

**LÍFIÐ** Hinn dularfulli Lexi Picasso opnar sig í viðtali. 44

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**








## Veður




Útlit fyrir suðvestanátt með skúrum en bjartviðri á norðaustanverðu landinu með morgninum. Það styttir þó upp víðast hvar fyrir hádegi. Síðdegis snýst smám saman í vaxandi suðaustanátt og fer að rigna, en áfram er þó þurrkur norðaustan til. SJÁ SÍÐU 32

# Alþjóðlegi rathlaupsdagurinn haldinn í gær



Alþjóðlegi rathlaupsdagurinn var haldinn við Snælandsskóla í gær. Þá var vígð ný föst braut í Fossvogsdal sem var kosin í Okkar Kópavogur. Brautin inniheldur 20 pósta og þátttakendur reyna að finna sem flesta þeirra. Ekki var annað að sjá en að krakkarnir hefðu skemmt sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þrír gerðir afturreka en Hrafn fær að halda heimili

**ÁRNESHREPPUR** Þjóðskrá hefur lokið við að yfirfara lögheimilisskráningar átján einstaklinga í Árneshreppi sem þóttu vafasamar. Skráningar þeirra þriggja einstaklinga sem eftir stóðu voru allar felldar niður í gær.

„Við höfum lokið okkar athugun á þessum málum átján einstaklinga sem voru til skoðunar,“ segir Ástríður Jóhannesdóttir, sviðsstjóri á stjórnsýslusviði Þjóðskrár. „Þessar þrjár síðustu tilkynningar um skráningu lögheimilis í Árneshreppi voru felldar niður í dag,“ segir Ástríður og viðkomandi hafa því aftur verið skráðir á fyrra heimilisfang.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Hrafn Jökulsson, einn þessara átján, hafi fengið bréflega staðfestingu þess að rétt lögheimili hans væri í Árneshreppi.

„Nú get ég loksins sungið glaður ég er kominn heim,“ sagði Hrafn í samtali við Fréttablaðið í gær. „Og ég er glaður og þakklátur yfir að réttlætið skyldi ná fram að ganga.“ **– þþ**



**Hrafn Jökulsson rithöfundur.**

# Hálfs milljarðs umferðarsektir óinnheimtar

**LÖGREGLUMÁL** Ógreiddar sektir vegna umferðarlagabrota frá árinu 2008 nema rúmum 633 milljónum króna. Þar af eru rúmar 418 milljónir til komnar vegna áranna 2015-2017.

Þetta kemur fram í svari Sigríðar Andersen dómsmálaráðherra við fyrirspurn Miðflokksmannsins Birgis Þórarinssonar. Fyrirspurnin sneri að því hve stór hluti sektanna ætti rætur sínar að rekja til erlendra ferðamanna en ekki var unnt að svara því hve há sú upphæð var þar sem sektir eru ekki flokkaðar eftir þjóðerni.

Í frétt Fréttablaðsins í nóvember í fyrra kom fram að varlega áætlað næmi upphæð ógreiddra sekta fyrir árið 2016 um 180 milljónum. Upphæð fyrir það ár stendur nú í tæpum 134 milljónum. **– jóe**

# Segir fréttaflutning frá Gasa mjög villandi

Sendiherra Ísraela gagnvart Íslandi fundaði með RÚV í gær vegna þrýstings á að Íslendingar sitji heima þegar Eurovision fer fram á næsta ári. Hann segir Ísraela ekki hafa viljandi drepið friðsama mótmælendur fyrr í mánuðinum.

**UTANRÍKISMÁL** „Sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi bað um fund vegna undirskriftasöfnunarinnar og þessarar pressu hér á landi um að Ísland taki ekki þátt í Eurovision-keppninni í Ísrael á næsta ári og eins og kurteisra manna er siður þá urðum við við því,“ segir Felix Bergsson, fararstjóri íslenskra Eurovision-fara.

Felix sat fundinn í fjarveru Skarphéðins Guðmundssonar, dagskrárstjóra RÚV, sem er erlendis, en fundinn sat einnig framkvæmdastjórn Eurovision-keppninnar á Íslandi. Um 25 þúsund manns hafa skrifað undir áskorun þess efnis að Ísland taki ekki þátt í Eurovison í Ísrael á næsta ári.

„Okkar hlutverk á þessum fundi var nú fyrst og fremst að hlusta á og heyra hans sjónarmið í málinu en svo höldum við bara áfram að vinna að málinu hér innanhúss eins og áður,“ segir Felix. Hann segir að ef ákveðið yrði að Ísland taki ekki þátt í keppninni yrði sú ákvörðun ekki tekin fyrr en í haust. „Við munum taka okkur þann tíma sem við þurfum til að fara í gegnum málið og hlusta á þá sem vilja við okkur tala,“ segir Felix.

„Þetta var afslappaður og ágætur fundur. Þau hlustuðu á mín sjónarmið og gerðu mér grein fyrir því að formlegur ferill við ákvörðun um þátttöku í keppninni væri ekki hafinn en gáfu mér engin fyrirheit um ákvörðun í því, hvorki jákvæð né neikvæð,“ segir Raphael Schutz, sendiherra Ísraels, og bætir við: „En það var mikilvægt fyrir mig að koma því á framfæri að Ísrael myndi bíða þeirra án tillits til þess í hvaða borg keppnin fer fram.



**Raphael Schutz, sendiherra Ísraels, boðaði til blaðamannafundar í gær þar sem hann fór yfir stöðuna á Gasa frá sjónarhóli Ísraelsmanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Okkar hlutverk á þessum fundi var nú fyrst og fremst að hlusta á og heyra hans sjónarmið í málinu.
>
> Felix Bergsson, fararstjóri íslenskra Eurovision-fara



Sendiherrann boðaði til blaðamannafundar í Reykjavík í gær þar sem hann fór yfir stöðuna á Gasa frá sjónarhorni Ísraelsmanna. Í yfirlýsingu hans á fundinum kom fram að, eins og umræðan hér á landi blasti við honum virtust íslenskir fjölmiðlar hafa þau viðhorf til átakanna á Gasa að Ísraelar hefðu viljandi og af blóðþorsta drepið fjölda friðsamra mótmælenda fyrr í mánuðinum. Hann sagði þetta eins langt frá sannleikanum og hugsast gæti.

adalheidur@frettabladid.is

Þýsk gæði í 50 ár
Grillbúðin
Frá Þýskalandi
LANDMANN
Your World of BBQ



89.900
• Afl 14,8 KW
• 4 brennarar
• Brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Kveikja í öllum tökkum
• Tvöfalt einangrað lok
• Stór posulínshúðuð efri grind
• Gashella - Hitamælir
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Fáanlegt með niðurfellanlegum hliðarborðum - Nr. 12952 - Svart
• Grillflötur 65 x 44 cm
Fáanlegt með niðurfellanlegum hliðarborðum
Nr. 12952 - Án gashellu - Svart
Opið skírdag 12-16
Laugardag 11-16
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

MEISTARAVERK

傑作

**FRUMSÝNING Í KAUPTÚNI 6 Á MORGUN KL. 12-16**

**LEXUS RX 450hL** – ENN MEIRA RÝMI FYRIR LÚXUS
Komdu og skoðaðu glæsilegt úrval Lexus bíla þegar við frumsýnum Lexus RX 450hL, sjö sæta lúxusjeppann. Komið og sjáið stærri, lengri og stórfenglegri lúxus.

Ljúffengar veitingar í boði. Verið velkomin.



**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

# Tekist á um vantraust en samþykkt með miklum meirihluta

**VERKALÝÐSHREYFINGIN** „Það var öflugur meirihluti fyrir þessu en í öllum stjórnum eru skiptar skoðanir, þegar um er að ræða svona stórar stjórnir,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR.

Hann segir aðeins tvo stjórnarmenn af fimmtán hafa lagst gegnt vantraustsyfirlýsingu á Gylfa Arnbjörnsson, forseta ASÍ, í gær. Einn hafi ekki tekið afstöðu, einn ekki svarað en ellefu samþykkt. Verkalýðsfélag Akraness lýsti einnig vantrausti á Gylfa í gær. Ragnar segir að stjórn VR hafi verið nauðugur einn kostur að lýsa vantrausti á Gylfa.

> Við sáum okkur ekki annað fært en að lýsa því yfir að hann hafi ekki okkar traust.

„Forsetinn virðist vera í sólóhlutverki. Ætlar að fara að ræða við stjórnvöld án þess að hafa formlegt umboð frá félögunum eða stefnu. Við sáum okkur ekki annað fært en að lýsa því yfir að hann hafi ekki okkar traust til að fara með umboð okkar gagnvart stjórnvöldum.“

Forseti ASÍ er af VR og VLFA sakaður um að vinna gegn hagsmunum félagsmanna og hunsa ákall um breyttar áherslur.

„Eins og framganga forsetans hefur verið, í auglýsingaherferðum þar sem verið er að gera lítið úr kröfum um breytingar innan verkalýðshreyfingarinnar. Það er dapurlegt að horfa upp á þetta. En þetta var líklega kornið sem fyllti mælinn, að ætla að fara einn að ræða við stjórnvöld án þess að telja sig þurfa til þess umboð,“ segir Ragnar Þór Ingólfsson. – smj



**Ragnar Þór og Gylfi Arnbjörnsson hafa eldað grátt silfur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Íbúarnir andmæla byggingu íbúða á Stýrimannareitnum

**Íbúar í Holta- og Hlíðahverfinu í Reykjavík mótmæla uppbyggingu 200 íbúða á Stýrimannareitnum. Hafa áhyggjur af aukinni umferð. Borgaryfirvöld leggi upp með að byggt verði á vinsælu útivistarsvæði í hverfinu. Þá séu skólarnir í hverfinu ekki í stakk búnir til að þjónusta fleiri börn og skortur sé á dagmæðrum.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það er hiti í íbúum og það snýr sérstaklega að því að þetta hverfi er á milli stórra umferðaræða, Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar,“ segir Tryggvi Sch. Thorsteinsson, íbúi í Holta- og Hlíðahverfinu í Reykjavík.

Íbúar í hverfinu, norðan Miklubrautar, hittust á fundi í Háteigsskóla í gær þar sem rædd voru skipulagsmál. Þeir mótmæla því að byggðar verði 200 íbúðir á Stýrimannaskólareitnum svokallaða, sem bætast við 1.200 íbúðir sem eru í hverfinu eða í byggingu þar.

Tryggvi segir íbúa hafa miklar áhyggjur af þeirri umferð sem muni verða um hverfið. „Menn hafa áhyggjur af því að það sé í raun tímaspursmál hvenær bílslys verður þarna. Það eru krakkar sem búa þarna og þau sækja Háteigsskóla sem er eiginlega í öðrum enda hverfisins og þurfa að ganga þar í gegn,“ segir hann

Sunna Dögg Ásgeirsdóttir, íbúi í Vatnsholti, tekur í sama streng. Hverfið afmarkist af mjög stórum umferðargötum og þess vegna sé mjög slæmt að verið sé að taka burt grænt svæði, sem í ofanálag er mjög vinsælt útivistarsvæði.

Sunna leggur áherslu á að það vanti græn svæði í hverfið. „Vegna þess að það er ekki einu sinni gras á skólalóðunum. Bæði Háteigsskóli og Ísaksskóli eru með malbikaðar lóðir.“

Sunna hefur líka áhyggjur af því að skólarnir í hverfinu geti ekki annað þeirri fólksfjölgun sem verði þarna.



**Sameinumst í því að láta ekki þetta síðasta græna útivistarsvæði hverfisins, sleðabrekku, útsýnisundur og sameiningarstað hverfisbúa fara undir malbik, segir í fundarboði fyrir íbúafundinn sem fór fram í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Það er virkilegur hiti yfir því hversu lítið við fáum að koma að þessum málum og hversu lítið er hlustað á okkur
>
> Tryggvi Sch. Thorsteinsson

„Svarið sem skólarnir fá þegar þeir segja að þeir þurfi að bregðast við þessari uppbyggingu er að það sé hægt að setja færanlega skúra á lóðina. Þá á að taka sparkvöll barnanna í burtu,“ segir hún.

Sunna segir að það vanti frekari þjónustu við íbúana. „Það er verið að áætla þarna stúdentaíbúðir og það vita allir að stúdentar eru með börn og það eru ekki einu sinni dagmæður í þessu hverfi. Það er ein í Skipholti og ein á Miklubraut og þær eru alltaf fullbókaðar.“

„Við erum mjög uggandi yfir þessu og það er virkilegur hiti vegna þess hversu lítið við fáum að koma að þessum málum og hversu lítið er hlustað á okkur,“ segir Tryggvi.

jonhakon@frettabladid.is



**Guðbrandur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heimavalla, hringir bjöllunni í Kauphöll Íslands.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Bréfin lækkuðu um 11 prósent frá útboðsgengi

**VIÐSKIPTI** Gengi hlutabréfa í Heimavöllum var 1,24 krónur á hlut í lok fyrsta viðskiptadags með bréfin í Kauphöll Íslands í gær og er það tæplega 11 prósenta lækkun frá meðalgengi í hlutafjárútboðinu fyrr í mánuðinum sem var 1,39 krónur á hlut.

196 milljóna króna velta var með hlutabréf í íbúðaleigufélaginu í gær. Fyrstu viðskipti dagsins voru á genginu 1,39 krónur á hlut en gengið fór hins vegar lækkandi eftir því sem leið á daginn.

Að loknum fyrsta viðskiptadegi er félagið Stálskip, í eigu hjónanna Guðrúnar Lárusdóttur og Ágústs Sigurðssonar, stærsti hluthafi Heimavalla með um 8,6 prósenta hlut. Félögin Snæból, í eigu hjónanna Steinunnar Jónsdóttur og Finns Reyrs Stefánssonar, og Gani, í eigu Tómasar Kristjánssonar, fara með 7,5 prósenta hlut hvort.

Þrír lífeyrissjóðir, Birta, Lífsverk og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, eru í hópi tuttugu stærstu hluthafa félagsins. – kij


MAMMA MIA!



5 ÁRA ÁBYRGÐ

FIAT 500 Á FRÁBÆRU FIAT-SUMARTILBOÐI

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.

FIAT

ÚTFÆRSLUR Í BOÐI: POP, LOUNGE, BEINSKIPTUR/SJÁLFSKIPTUR, BLÆJU OG 105 HESTAFLA TWINAIR (TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI)

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF · UMBOÐSAÐILI FIAT Á ÍSLANDI · WWW.FIAT.IS

ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16




F&F

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ

FÆST EINGÖNGU Í

HAGKAUP

# 2.500 nýjar íbúðir frá hruni í borginni

**Skýrir valkostir hafa myndast fyrir borgarbúa í komandi sveitarstjórnarkosningum. Minni framboðin gætu stuðlað að falli meirihlutans. Reykvíkingar geta valið um sextán mismunandi framboðslista. Húsnæðismál í borginni eru ofar á baugi en mörg önnur málefni.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Á morgun ganga Reykvíkingar að kjörborðinu og velja sér 23 borgarfulltrúa til næstu fjögurra ára. Í kosningabaráttunni hafa valkostir borgarbúa kristallast í því að meirihlutinn hefur myndað blokk sem vill starfa áfram næstu fjögur árin.

Borgarfulltrúum fjölgar um átta eftir þessar kosningar og þarf nú 12 borgarfulltrúa til að mynda meirihluta, frá átta sem nú er.

Frá árinu 2008 hefur íbúðum í Reykjavík fjölgað um tæplega 2.500. Á þessu kjörtímabili hefur þeim fjölgað um 1.613. Á sama tíma hefur íbúum í Reykjavík fjölgað um tæplega fimm þúsund. Húsnæðismál hafa verið ofarlega á baugi í kosningabaráttunni í Reykjavík.

Eitt helsta kosningamál Samfylkingarinnar fyrir kosningarnar árið 2014, svokallaður húsnæðispakki, var að hefja uppbyggingu á 3.000 leigu- og búseturéttaríbúðum á næstu árum. Til að mynda átti að byggja um eitt þúsund stúdentaíbúðir.

Ljóst þykir að þetta kosningafyrirheit Samfylkingarinnar hefur ekki verið efnt að fullu. Eru allir flokkar sammála um að skortur sé á húsnæði innan borgarinnar og verð á íbúðarhúsnæði hefur hækkað mikið. Svo mikið hefur fasteignaverð hækkað að einstaklingar og fjölskyldur hafa flúið borgina og keypt sér eignir, eða leigt sér íbúðarhúsnæði, í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Átta flokkar buðu fram fyrir fjórum árum, sextán nú.

„Það getur vel verið að þetta pólitíska landslag sé komið til að vera í Reykjavík og að framboðin verði mjög mörg í borginni eitthvað inn í framtíðina,“ segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði við viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri. „Það er lægri þröskuldur nú með auknum fjölda borgarfulltrúa. Einnig verður það að segjast að það er auðveldara að fara af stað núna og bjóða fram lista með auðveldum boðleiðum til fólks í gegnum netið. Þetta gefur minni framboðum aukna von. Því gætum við séð að þetta landslag sé komið til að vera í Reykjavík.“

Það gæti haft mikil áhrif á framtíð meirihluta Reykjavíkurborgar hvernig litlum framboðum reiðir af, að mati Grétars Þórs. Hann segir litlu framboðin í raun vera meiri ógn við meirihlutann en Sjálfstæðisflokkurinn er.

„Minni framboðin geta haft mikil áhrif á það hvort meirihlutinn haldi velli. Ef minni framboðin, sem eru í raun með lítið fylgi, ná inn mönnum með tæplega fjögurra prósenta fylgi gæti það fellt meirihlutann. Það er líklega meiri ógn en virðist stafa af Sjálfstæðisflokknum sem er ekki að stækka í könnunum þegar á líður,“ segir Grétar Þór.

Samfylkingin fékk um 32 prósent atkvæða í kosningunum fyrir fjórum árum og Sjálfstæðisflokkurinn tæp 26 prósent. Flokkarnir tveir hafa verið að mælast á svipuðu róli að undanförnu. Framsóknarflokkurinn fékk 10,7 prósent síðast en virðist nú vera að berjast um að ná inn manni. Einnig fékk Björt framtíð rúmlega fimmtán prósenta fylgi síðast og það fylgi mun leita á náðir annarra flokka að þessu sinni.

Grétar nefnir að fylgi Sjálfstæðisflokksins nú, sem breytist lítið frá því fyrir fjórum árum, sýni að flokkurinn sé að fá svipað fylgi í Reykjavík og á landinu öllu. „Þeir fengu 25,7 prósent síðast og árið 2010 fékk flokkurinn 33 prósent þrátt fyrir innkomu Besta flokksins og Jóns Gnarr. Það virðist fylgjast svolítið að, fylgi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og fylgið á landinu öllu. Á sama tíma mælist Framsóknarflokkurinn langt undir kjörfylgi til Alþingis og Samfylkingin er að mælast mun hærri en á landinu öllu,“ segir Grétar.

Grétar sér fyrir sér spennandi kosninganótt í Reykjavík. „Ef meirihlutinn er til að mynda að mælast aðeins of hátt getur þetta orðið hörkuspennandi. Einnig hvort litlu framboðin nái inn mönnum og felli þannig meirihlutann. Það gæti stefnt í það á endanum að meirihlutinn standi og falli með því hvort nýju framboðin nái inn eða ekki.“

Stærsti sigurvegari þessara kosninga, ef spár rætast, gæti orðið Miðflokkurinn, sem einnig státaði af afar góðu gengi í Alþingiskosningunum síðastliðið haust. „Stóra fréttin gæti verið að litast upp þannig að Miðflokkurinn verði sigurvegarinn og gæti vel endað með um tíu sveitarstjórnarmenn á landinu öllu. VG er nú á svipuðu róli og Björt framtíð náði inn 11 mönnum síðast. Það yrði gott veganesti fyrir Miðflokkinn en þeir bjóða fram í 12 sveitarfélögum,“ segir Grétar Þór að lokum.

## Úrslit sveitarstjórnarkosninga 2014




## Fjöldi íbúða í Reykjavík

Fjöldi íbúða eftir sveitarfélögum í lok hvers árs. Taldar eru þær matseiningar sem hafa íbúðanotkun og eru komnar á matsstig fjögur eða hærra.

| Ár | Fjöldi íbúða | Fjölgun ár frá ári |
|---|---|---|
| 2008 | 49.638 | |
| 2009 | 49.721 | 83 |
| 2010 | 50.149 | 428 |
| 2011 | 50.155 | 6 |
| 2012 | 50.251 | 96 |
| 2013 | 50.502 | 251 |
| 2014 | 50.896 | 394 |
| 2015 | 51.158 | 262 |
| 2016 | 51.793 | 635 |
| 2017 | 52.115 | 322 |
| **Fjölgun íbúða frá 2008-2017** | | **2477** |

*Heimild: Þjóðskrá*

## Oddvitar í Reykjavík

**B - Framsókn**
Ingvar Mar Jónsson

**C - Viðreisn**
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

**D - Sjálfstæðisflokkur**
Eyþór Laxdal Arnalds

**E - Íslenska þjóðfylkingin**
Guðmundur Karl Þorleifsson

**F - Flokkur fólksins**
Kolbrún Baldursdóttir

**H - Höfuðborgarlistinn**
Björg Kristín Sigþórsdóttir

**J - Sósíalistaflokkur Íslands**
Sanna Magdalena Mörtudóttir

**K - Kvennahreyfingin**
Ólöf Magnúsdóttir

**M - Miðflokkurinn**
Vigdís Hauksdóttir

**O - Borgin okkar - Reykjavík**
Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

**P - Píratar**
Dóra Björt Guðjónsdóttir

**R - Alþýðufylkingin**
Þorvaldur Þorvaldsson

**S - Samfylkingin**
Dagur B. Eggertsson

**V - Vinstri hreyfingin – grænt framboð**
Líf Magneudóttir

**Y - Karlalistinn**
Gunnar Kristinn Þórðarson

**Þ - Frelsisflokkurinn**
Gunnlaugur Ingvarsson

**16**
**stjórnmálahreyfingar bjóða fram lista í kosningunum um helgina.**

## Íbúar í Reykjavík

1. janúar 2014
**121.230**

1. janúar 2018
**126.041**

**Skuldir á hvern íbúa**
**2.356.793kr.**

**Skuldahlutfall nú***
**187%**

**Skuldahlutfall árið 2014**
**216%**

*Samkvæmt síðasta samþykkta ársreikningi






brimborg
Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is



**Sjálfstæðisflokkurinn er stærstur á Alþingi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Stuðningur við ríkisstjórnina fer minnkandi

**STJÓRNMÁL** Stuðningur við ríkisstjórnina mælist 49,8 prósent í nýrri könnun MMR sem birt var í gær. Í síðustu könnun var stuðningur við ríkisstjórnina um 52,8 prósent. Þá er Sjálfstæðisflokkurinn stærsti flokkurinn á Alþingi, þó fylgi flokksins dragist saman um tæpt prósentustig milli kannana. Fylgi Vinstri grænna mælist 12 prósent en var 13,7 prósent síðast. Framsóknarflokkurinn mælist með 10,1 prósent en hafði áður 8,2 prósent. Samfylkingin er næststærsti flokkurinn á Alþingi með 14,6 prósenta fylgi sem er jafn mikið og flokkurinn fékk í síðustu könnun.

Stuðningur við Pírata mælist rúm 14 prósent og flokkurinn bætir við sig rúmu prósentustigi. Þá styðja 9,8 prósent Miðflokk.

Alls sagðist 7,1 prósent styðja Viðreisn og 5,6 prósent Flokk fólksins. Aðrir flokkar mældust með þrjú prósent samanlagt.

Könnunin var gerð dagana 16. til 22. maí en 929 einstaklingar, 18 ára og eldri, voru valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. – **ósk**

# Klámfengnu efni sérstaklega beint að börnum á YouTube

**Ofbeldisfullt og klámfengið myndefni sem ætlað er börnum finnst víða á YouTube. Fyrirtækið hefur einsett sér að taka veituna í gegn en það hefur reynst þrautin þyngri. Framkvæmdastjóri Heimilis og skóla segir að foreldrar þurfi að kynna sér málið enda sé fræðsla um internetið orðin hluti af uppeldi barna í dag.**

**SAMFÉLAG** Myndbandaveitunni YouTube má líkja við frumskóg. Notendur eru 1.300.000.000 talsins og allt að 300 klukkustundum af myndbandsefni er hlaðið inn á síðuna á hverri mínútu. Myndbönd af ýmsum toga er þar að finna en einnig teiknimyndir og efni sem ætlað er börnum. Sumt er óviðeigandi efni með afbrigðilegum og kynferðislegum undirtóni sem og ofbeldisfullt efni. Foreldrar hafa sérstaklega orðið varir við myndbönd sem sýna ofurhetjuna Spiderman og Elsu, úr Disney-teiknimyndinni vinsælu Frozen, eiga samskipti og hegða sé á vægast sagt undarlegan hátt. Þá hefur hin geysivinsæla Peppa pig verið endurgerð í óþægilegri útgáfu og önnur ofbeldisfull myndbönd, sem virðast sakleysisleg í fyrstu, leggjast þungt á ungar sálir.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla sem stýrir SAFT netöryggisverkefninu, segir YouTube hafa verið til umræðu meðal foreldra. „Foreldrar kvarta yfir því að þar séu óviðeigandi myndbönd og efni á rásum fyrir börn sem þau eru þá að rekast



**Á þetta myndband með Elsu og Spiderman hefur verið horft oftar en fjórum milljón sinnum.** SKJÁSKOT/YOUTUBE

óvænt á. Foreldrar halda að barnið sé að horfa á barnaefni en bregður þegar raunin er önnur,“ segir Hrefna. „Það sem foreldar geta gert er að sýna ábyrgð og fylgjast með hvað börnin þeirra eru að gera á netinu.“ Hægt er að sía út óæskilegt efni með því að haka við „restricted mode“ eða „safety mode“. Um er að ræða flipa sem takmarkar aðgang að efni sem aðrir notendur eða YouTube sjálft hefur merkt við.“

YouTube er aðeins ætlað börnum 13 ára og eldri en fyrirtækið viðurkenndi hins vegar þennan vanda og stofnaði fyrir ári YouTube Kids. Sú rás átti eingöngu að innihalda efni sem væri við hæfi barna og færi í gegnum síu. Raunin varð hins vegar sú að bíræfnir notendur á YouTube náðu sínum myndböndum í gegnum síuna á YouTube Kids.

Hrefna segir að hagsmunasamtök til verndar börnum víða um heim láti reglulega til sín taka. „Við erum í stöðugu sambandi við forsvarsmenn stærstu samfélagsmiðlanna, þ. á m. YouTube. Þau hafa gert ráðstafanir og vinna hörðum höndum að því að gera síðuna öruggari. Nú þegar er búið að gera einhverjar breytingar, þar sem foreldrar geta handvalið stöðvar sem börnin þeirra eru að horfa á.

En þetta verður aldrei fullkomið. Netið er umfangsmikið og erfitt að sía burt allt óviðeigandi efni. Foreldrar verða að vera vakandi fyrir þessu. Sérstaklega hjá yngri börnum. Við myndum ekki skilja litla barnið okkar eftir á einhverjum leikvelli, þetta er eins. Foreldrar þurfa að fylgjast með hvað börnin eru að gera í snjalltækjum og tölvum og hafa umsjón með því. Þetta er líka spurning um tíma, að láta þau ekki hanga þarna tímunum saman. Við þurfum í rauninni öll að vinna saman að þessu; hið opinbera, skólakerfið, iðnaðurinn og fjölskyldur,“ segir Hrefna. „Til þess að þau geti lært að forðast hætturnar og umgangast þessa helstu miðla þurfa þau að vera meðvituð og öðlast gagnrýna hugsun. Við þurfum að kenna þeim hvernig þau eiga að haga sér á netinu og í samskiptum. Þetta er orðið hluti af uppeldinu í dag.“ **gunnthorunn@frettabladid.is**





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF · UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI · WWW.JEEP.IS
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16










TÚNÞÖKURNAR OG KERRUMOLDIN KOMIN!

OPIÐ VIRKA DAGA 10-17
OG LAUGARDAGA 10-16

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## Hækka verðmat sitt á Högum

**VIÐSKIPTI** Greinendur ráðgjafarfyrirtækisins Capacent hafa hækkað verðmat sitt á Högum um tólf prósent og telja hlutabréf verslanarisans undirverðlögð á markaði um 26 prósent.


**Finnur Árnason, forstjóri Haga.**

Í nýju verðmati Capacent, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er gengi bréfa Haga metið á 56,2 krónur á hlut en til samanburðar stóð gengi félagsins í 44,6 krónum á hlut við lokun markaða í gær. Bent er á að síðasta rekstrarár, sem lauk í febrúar, hafi aðallega einkennst af endurskipulagningu. Í kjölfar þeirrar vinnu megi búast við samdrætti í kostnaði og að kostnaður endurspegli meira tekjuþróun.

Gera sérfræðingarnir ráð fyrir að rekstrarhagnaður Haga hækki hratt. Hann verði 3,8 milljarðar króna á yfirstandandi rekstrarári samanborið við 3,0 milljarða á síðasta rekstrarári. Þess má þó geta að rekstrarhagnaðurinn var 5,1 milljarður á rekstrarárinu 2016 til 2017.

Capacent telur óvarlegt á þessari stundu að leggja mat á virði sameinaðs félags Haga og Olís, enda liggi fyrir að skilyrði samrunans verði íþyngjandi ef af honum verði. Sameiningin gæti þó aukið rekstrarhagnað og framlegð Haga um 40 til 50 prósent. **– kij**

# Sorpbrennslustöð gæti farið langt með að anna orkuþörf

**Verði hugmyndir um sorpbrennslustöð á Vestfjörðum að veruleika gæti það leyst bæði sorpurðunarvanda landsbyggðarinnar og farið langt með að anna orkuþörf svæðisins. Hugmynd um sorpbrennslustöð hefur verið kynnt sveitarfélögum á Vestfjörðum. Heildarkostnaður talinn um 16 milljarðar íslenskra króna.**

**UMHVERFISMÁL** Ný fullkomin sorpbrennslustöð á Vestfjörðum myndi ekki aðeins draga stórlega úr urðun óflokkaðs sorps heldur líka mæta nánast allri orkuþörf svæðisins að mati Braga Más Valgeirssonar vélfræðings, sem hefur kynnt slíkar hugmyndir fyrir sveitarfélögum á Vestfjörðum. Hann hefur unnið að þessu verkefni undanfarið eitt og hálft ár ásamt þeim Stefáni Guðsteinssyni skipatæknifræðingi og Júlíusi Sólnes, verkfræðingi og fv. umhverfisráðherra.

„Ég fékk hugmyndina þegar ég vann í svona sorpbrennslustöð í Noregi 2013-2016. Síðan þá hef ég viðað að mér gögnum og kynnt mér þetta mjög vel,“ segir Bragi. Hugmyndir Braga og félaga ganga út á stöð sem gæti brennt 80-100 þúsund tonnum af sorpi á ári og framleitt um leið 7,5 MW af raforku og 23 MW af hitaorku.

Fullkomnar mengunarvarnir og hreinsibúnaður eiga að tryggja að loft- og lyktarmengun verður nánast engin. „Markmiðið er að taka við öllu sorpi af landsbyggðinni sem annars færi í urðun og eitthvað frá Sorpu. Þetta er gríðarlega þarft verkefni og í raun borðleggjandi dæmi,“ segir Bragi. Hann segir ljóst að aðgerða sé þörf til að ná markmiðum um að minnka hlutfall þess úrgangs sem sé urðaður. „Það er hins vegar ekkert verið að gera í þessum málum. Við erum með allt niðrum okkur.“ Sorpið yrði flutt í gámum sjóleiðina og myndu þær siglingar einnig nýtast til almennra flutninga.


**Hugmyndin um sorpbrennslustöðina er sótt til Noregs.** FRÉTTABLAÐIÐ/B&W

Heildarkostnaður við verkefnið er talinn nema um 16 milljörðum króna. Þá er reiknað með að um fimmtán störf skapist með tilkomu stöðvarinnar auk afleiddra starfa. Bragi telur að stöðin geti verið komin í gagnið tveimur og hálfu ári eftir að skrifað væri undir samninga. Hann segir það vonbrigði hve lengi stjórnsýslan sé að taka við sér. „Hlutirnir gerast hægt í opinbera kerfinu en menn eru þó að vakna.“

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðabæjar, segir að eigi verkefnið að verða að veruleika þurfi fyrst að afla því fylgis meðal íbúa á svæðinu. „Þótt háhitabruni eigi ekki að skila mengun er fólk samt brennt af fyrri reynslu.“ Þar er hann að vísa í málefni sorpbrennslustöðvarinnar Funa í Skutulsfirði en stöðinni var lokað í ársbyrjun 2011 eftir að upp kom díoxínmengun. „Það er engin framtíð í því að halda áfram að urða úrgang. Við erum alltaf að bæta flokkun og auka moltugerð en samt er verið að keyra allt sorp héðan suður í Borgarfjörð sem skemmir vegina.“ Málið sé hins vegar skammt á veg komið og huga þurfi að mörgum þáttum. Hugmyndin sé engu að síður algerlega raunhæf.

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, segist hafa fengið óformlega kynningu á verkefninu en það hafi ekki verið kynnt fyrir kjörnum fulltrúum ennþá.

„Þetta er áhugavert verkefni en mörgum spurningum er ósvarað og of snemmt að segja nokkuð um framhaldið,“ segir Jón Páll.

sighvatur@frettabladid.is















# X-M FYRIR BLÓMSTRANDI BORG

## MIÐFLOKKURINN ÆTLAR AÐ:

- Forgangsraða fjármagni borgarinnar í **grunnþjónustu.**
- **Margfalda húsnæði** fyrir fjölskyldur og ungt fólk í úthverfum borgarinnar.
- Bjóða upp á **gjaldfrjálsan mat** í grunnskólum borgarinnar.
- Skipuleggja nýtt svæði fyrir **þjóðarsjúkrahús** að Keldum.
- Standa vörð um að **flugvöllurinn verði áfram** hjarta allra landsmanna í höfuðborginni.
- Bæta gatnakerfið og **stytta ferðatímann** fyrir fjölskyldubílinn.
- Bjóða upp á **gjaldfrjálsan Strætó** fyrir þá sem eiga lögheimili í Reykjavík.
- Tvöfalda upphæð **Frístundakortsins** úr 50.000 kr í 100.000 kr.
- **Fjölga kennslustundum** í verk-, tækni-, og listgreinum grunnskóla.
- Stórefla **Vinnuskóla** fyrir 13 til 18 ára með auknu starfsvali.

MIÐFLOKKURINN



Buk-eldflaugakerfi til sýnis í Moskvu, höfuðborg Rússlands. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Rússar hafi átt eldflaugina sem grandaði flugi MH17

**ÚKRAÍNA** Fjölþjóðlegt rannsóknarteymi, sem Hollendingar leiða, greindi í gær frá því að rannsókn teymisins hefði leitt í ljós að rússnesk eldflaug var notuð til að skjóta niður flug MH17 yfir austurhluta Úkraínu árið 2014 þegar vélin var á leið frá Amsterdam til Kúala Lúmpúr. Alls fórust 298 almennir borgarar þegar flugvélin var skotin niður, 283 farþegar og fimmtán manna áhöfn. Enginn lifði árásina af en Hollendingar voru stærstur hluti hinna látnu, alls 193.

Rússar hafa lengi verið sakaðir um að bera ábyrgð á málinu. Fljótlega eftir árásina sökuðu meðal annars Þjóðverjar og Bandaríkjamenn þá um að hafa komið að málinu. Öryggismálastofnun Hollendinga greindi frá því árið 2015 að rússnesk Buk-eldflaug hefði grandað vélinni. Henni hafi verið skotið frá svæði undir stjórn aðskilnaðarsinna, hliðhollra Rússlandi, í Austur-Úkraínu. Ári síðar komst fyrrnefnt rannsóknarteymi (JIT) að því að eldflaugakerfið hefði komið frá Rússlandi og til Úkraínu sama dag og flugvélin var skotin niður.

Samkvæmt yfirlýsingu JIT frá því í gær hefur teymið nú staðfest að Buk-eldflaugin kom frá 53. loftvarnaherdeild rússneska hersins. „Öll farartækin í bílalestinni sem flutti eldflaugina tilheyrðu rússneska hernum,“ sagði Wilbert Paulissen, einn rannsakenda.

Rússar tóku illa í yfirlýsinguna og höfnuðu allri aðkomu sinni að málinu. Varnarmálaráðuneytið hvatti rannsóknarteymið til þess að skoða „raunverulegar staðreyndir“ um málið.

„Ekki ein einasta loftvarnareldflaug úr eldflaugakerfi rússneska hersins hefur farið yfir landamærin við Úkraínu. Aldrei nokkurn tímann,“ sagði meðal annars í yfirlýsingu ráðuneytisins. Þá sagði þar enn fremur að rússneski herinn hefði áhyggjur af þeim ásetningi rannsóknarteymisins að réttlæta fullyrðingar sínar með því að reiða sig á myndir af samfélagsmiðlum sem hefði verið átt við með myndvinnsluforritum.

„Það veldur okkur áhyggjum að rannsakendur hundsi og hafni vitnisburði fólks úr nærliggjandi samfélögum í Úkraínu. Vitnisburðurinn hefur bent til þess að eldflaugaskotið hafi komið af yfirráðasvæði úkraínska hersins,“ sagði í yfirlýsingu Rússa aukinheldur.

Rannsóknarteymið hefur hins vegar greint frá því að fjöldi vitna hafi séð umrædda bílalest rússneska hersins koma til Úkraínu. Rússar lögðust á sínum tíma gegn því að Sameinuðu þjóðirnar myndu skipa rannsóknarteymi, beittu sum sé neitunarvaldi sínu í öryggisráðinu. Í kjölfarið var hið óháða rannsóknarteymi skipað og samanstendur það af rannsakendum frá Austurríki, Belgíu, Malasíu, Hollandi og Úkraínu. – þea

> Öll farartækin í bílalestinni sem flutti eldflaugina tilheyrðu rússneska hernum.
>
> Wilbert Paulissen, einn rannsakenda



# Olli vonbrigðum með því að aflýsa fundinum

**Donald Trump mun ekki funda með Kim Jong-un í Singapúr í júní. Aflýsti fundinum vegna reiði Norður-Kóreumanna sem hótuðu kjarnorkustríði og kölluðu varaforsetann heimskingja. Ekki er þó öll von úti enn, að mati skýranda BBC.**

**NORÐUR-KÓREA** Ákvörðun Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, um að aflýsa leiðtogafundi sem átti að halda með Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, í Singapúr þann 12. júní, olli alþjóðasamfélaginu vonbrigðum í gær.

Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, var einn af þeim sem lýstu vonbrigðum sínum með ákvörðunina. „Ég hvet alla aðila málsins til þess að halda áfram viðræðum og finna réttu leiðina að friðsamlegri og sannreynanlegri kjarnorkuafvopnun á Kóreuskaga,“ sagði Guterres í yfirlýsingu. Undir þetta tók meðal annars utanríkisráðuneyti Singapúr.

Ákvörðunin varð til þess að Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, boðaði þjóðaröryggisráð sitt á fund í forsetabústaðnum, hinu svokallaða Bláa húsi. Ljóst er að Moon þótti liggja á fundinum enda var boðað til hans í kringum miðnætti að suðurkóreskum tíma. Sagði hann svo fjölmiðlum að hann hvetti til þess að fundurinn færi fram. „Kjarnorkuafvopnun á Kóreuskaga og varanlegur friður eru sögulega mikilvæg verkefni sem má ekki slá á frest.“

Trump greindi frá ákvörðun sinni í bréfi sem hann sendi Kim og gerði svo sjálfur opinbert. Var ákvörðunin tekin eftir að Norður-Kóreumenn sögðust hafa sprengt kjarnorkuvopnatilraunastöð sína í Punggye-ri. Í bréfinu sagði Trump ákvörðunina tekna vegna „þeirrar miklu reiði sem mátti greina í nýjustu yfirlýsingu“ einræðisríkisins.

„Þið talið um kjarnorkuvopnabúr ykkar, en okkar er svo stórt og öflugt að ég bið til drottins um að aldrei þurfi að nota það. Mér fannst eins og undursamlegt samband væri að byggjast upp á milli okkar. Einhvern daginn mun ég aftur hlakka mikið til þess að hitta þig en í millitíðinni vil ég þakka þér fyrir að sleppa bandarískum gíslum sem nú eru komnir heim til fjölskyldna sinna,“ sagði í bréfi Trumps.

Trump bætti því við að ef Kim snerist hugur ætti hann að hafa samband. Hegðun Norður-Kóreumanna hafi gert það að verkum að heimurinn, og sérstaklega Norður-Kórea, hafi misst af gullnu tækifæri til að tryggja frið og velsæld.




Allra augu hafa beinst að þeim Donald Trump og Kim Jong-un undanfarna daga og vikur, meðal annars augu þessa suðurkóreska hermanns. Nú er ljóst að ekkert verður af fundi þeirra, að minnsta kosti í bili. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirlýsingin sem Trump vísaði til var gefin út fyrr í gær. Choe Son-hui, einn varautanríkismálaráðherra Norður-Kóreu, sagði þar að ríki sitt myndi ekki grátbiðja um viðræður og varaði við kjarnorkustyrjöld ef viðræðuleiðin gengi ekki upp. Vitnaði Choe einnig til nýlegra ummæla Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna, um að það gæti farið eins fyrir Norður-Kóreu og fór fyrir Líbýu.

Muammar Gaddafi, einræðisherra Líbýu, var drepinn í áhlaupi uppreisnarmanna árið 2011. Bandaríkin studdu uppreisnarmennina í gegnum NATO en átta árum áður hafði Líbýa gefið kjarnorkuáætlun sína upp á bátinn, líkt og vonast er til að Norður-Kórea geri nú.

„Þar sem ég er viðriðinn málefni Bandaríkjanna get ég ekki sagst hissa á þessum fávíslegu og heimskulegu ummælum sem vella úr kjafti bandaríska varaforsetans. Hvort sem Bandaríkin vilja hitta okkur við fundarborðið eða á kjarnorkuvígvellinum veltur á ákvörðunum og hegðun Bandaríkjanna sjálfra,“ sagði Choe.

Eftir kúvendingu Norður-Kóreu í upphafi árs og farsælan fund með Moon á landamærasvæðinu á Kóreuskaga á dögunum hefur togstreitan aukist aftur á síðustu dögum. Svo virðist sem ummæli Johns Bolton, þjóðaröryggisráðgjafa Bandaríkjaforseta, um hina svokölluðu líbýsku leið, hafi vakið Norður-Kóreumenn til reiði. Hótuðu þeir skömmu eftir að ummælin féllu að aflýsa fundinum en nú er ljóst að Trump varð fyrri til. Þá hefur einnig verið tekist á um hvað felst í kjarnorkuafvopnun og hefur Norður-Kórea sagt ómögulegt að ríkið losi sig einhliða við sprengjur sínar.

„Svo virðist sem við séum aftur farin að uppnefna og hóta kjarnorkustríði, stuttu áður en fundurinn átti að fara fram. Sumir gætu sagt að þetta sé sígilt einkenni um umræðuhefð Norður-Kóreumanna en þessa þróun hefði auðveldlega mátt koma í veg fyrir,“ sagði Laura Bicker, blaðamaður BBC í Suður-Kóreu, í fréttaskýringu sinni í gær.

Sagði Bicker að viðkvæmar viðræður krefðust þess að menn vönduðu sig þegar þeir töluðu og þótti henni ljóst að Norður-Kóreumönnum fyndist ríkisstjórn Trumps ekki nógu ögúð í málflutningi sínum.

Að mati Bicker er hins vegar áhugavert að norðurkóreskir erindrekar hafi ekki enn ráðist persónulega á Trump í yfirlýsingum sínum heldur beint sjónum að þeim sem standa forsetanum nærri. Gæti það bent til þess að Norður-Kórea vilji ekki enn útiloka að leiðtogafundurinn geti farið fram.

**thorgnyr@frettabladid.is**






# Segja Facebook stunda persónunjósnir

**TÆKNI** Mark Zuckerberg, stofnandi og forstjóri Facebook, er sakaður um að hafa þróað aðgerðaáætlun fyrir Facebook sem miðaði að því að nýta sér mikið magn persónulegra upplýsinga notenda til þess að fyrirtæki hans gæti grætt milljarða og gert út af við keppinauta. Fyrrverandi sprotafyrirtækið Six4Three ber upp þessar ásakanir á hendur The Guardian greindi frá málinu, sem hefur staðið yfir í rúm tvö ár, í gær.

Málið var upphaflega höfðað í lok 2015 þegar Facebook lokaði á aðgengi notenda að gögnum vina sinna á samfélagsmiðlinum. Hafði Six4Three þá varið um 25 milljónum króna í að þróa hið afar umdeilda app Pikinis. Appið var hægt að nota til þess að finna myndir af vinum notandans á Facebook þar sem umræddir vinir voru í sundfötum einum klæða. Umfang málsins hefur hins vegar vaxið mikið á undanförnum vikum.

Í síðustu viku fékk dómari í San Mateo afhenta tölvupósta og skilaboð sem gengu á milli toppa Facebook, meðal annars Zuckerbergs sjálfs, þar sem rætt var um að „vopnvæða“ persónuupplýsingar.

Guardian greindi svo einnig frá því í gær að Facebook sé sakað um að hafa notað miðla sína og forrit til þess að safna upplýsingum um bæði notendur samfélagsmiðlanna og vini þeirra, jafnvel þá sem ekki höfðu skráð sig á Facebook eða tengda miðla. Er Facebook gefið að sök að hafa lesið sms-skilaboð, fylgst með staðsetningu notenda og skoðað myndir á snjallsímum notenda sem ekki hafði verið hlaðið upp á miðilinn. – þea



Mark Zuckerberg stendur í ströngu þessa dagana vegna bresta í meðferð persónulegra upplýsinga notenda Facebook-miðilsins. NORDICPHOTOS/GETTY

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN
Innovation that excites

# NÝR NISSAN QASHQAI
## TILBÚINN Í FERÐALAG MEÐ ÞÉR




ENNEMM / SÍA / NM88135

## NISSAN QASHQAI
Verð frá: **3.550.000 kr.**


SJÁLFVIRK NEYÐARHEMLUN
STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA


SJÁLFVIRKUR AKREINAVARI
STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA


LEGGJA Í STÆÐI HJÁLP
VALBÚNAÐUR

**Staðalbúnaður í Qashqai m.a.:**
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Nissan Connect 7" snertiskjár
- LED dagljósabúnaður
- Tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Þokuljós að framan
- Bakkmyndavél
- D-laga leðurstýri með aðgerðahnöppum
- Skyggðar rúður að aftan
- Stopp/start búnaður
- 17" álfelgur
- Hraðastillir
- Regnskynjari á framrúðu
- Hiti í framrúðu

Nánari upplýsingar á **nissan.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




## Olw snakk

Kjóstu rétt - kjóstu Olw

verð frá **154** kr/stk

Tilboð gilda út 27. maí




## Maria and Ricardo´s tortillur

10 tegundir af ferskum tortillum,
3 mismunandi stærðir

verð frá **449** kr/pk




## Llanllyr Source

Ginger Beer, Fiery Ginger Beer og Tonic

**199** kr/stk




## Jensens pulled pork

Búðu til bestu grísasamlokuna. 800 g

**2.199** kr/pk

*Franskt*




## Franskir Camembert ostar

Sælkera ostar á veisluborðið

verð frá **699** kr/pk



## Steinbakað súrdeigsbrauð

Steinbakað eftir aldargamalli franskri hefð,
deigið er látið hefast í 24 tíma fyrir bakstur

**849** kr/stk

*Ítalskt*




## Fumagalli ítölsk hráskinka, salami og Pancetta

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

verð frá **599** kr/pk

# Meira svona alla daga




**Rufus Teague BBQ sósur og Rub**

Gerir góðan grillmat betri

verð frá **799** kr/stk

**Grilllæri Hagkaups**

**1.999** kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg




**Lamba miðlærissneiðar**

**2.639** kr/kg

Verð áður 3.299 kr/kg




**Lamba Prime mangó marinering**

**3.679** kr/kg

Verð áður 4.599 kr/kg




**Kjúklingabringur**

**1.709** kr/kg

Verð áður 1.899 kr/kg

# Rökin brostin



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Hundrað tuttugu og tveir milljarðar króna. Það er fjárhæðin sem svonefndur bankaskattur, sem leggst á skuldir fjármálafyrirtækja og átti að vera tímabundið úrræði, hefur skilað ríkissjóði samanlagt frá því að hann tók gildi 2011. Til að setja þá tölu í samhengi þá er það um helmingi meira en áætlað er að öll fyrirtæki landsins greiði í tekjuskatt á þessu ári. Það er því kannski ekki að undra að engin áform eru um að afnema skattinn, sem mun skila ríkinu um níu milljörðum í ár, í ljósi þess hversu mikilvægur hann er við tekjuöflun ríkissjóðs.

Er bankaskatturinn skynsamlegur út frá almannahagsmunum? Rökin hafa orðið sífellt veikari með árunum. Skattlagningin var upphaflega rökstudd með því að ríkissjóður hafi orðið fyrir miklum búsifjum vegna fjármálaáfallsins. Framan af voru það aðeins nýju bankarnir sem voru látnir greiða fyrir tjónið sem þeir gömlu höfðu valdið en síðar meir var, réttilega, ákveðið að hann myndi einnig ná til slitabúa föllnu bankanna, einkum til að reyna flýta fyrir skuldaskilum þeirra, og um leið var skatthlutfallið hækkað stórlega. Nú liggur fyrir að erlendir kröfuhafar hafa greitt yfir 500 milljarða til ríkissjóðs í formi stöðugleikaframlags og skatta. Fyrir vikið hefur ríkið endurheimt allan beinan kostnað, og vel það, sem hlaust við fall bankakerfisins. Ásgeir Jónsson, dósent í hagfræði, sagði í samtali við Markaðinn í vikunni að það hljóti því að vera „tilefni til þess að endurskoða þessa sérstöku skattlagningu þegar upphaflega röksemdin fyrir henni er brostin“.

Skatthlutfall bankaskattsins hér á landi á sér enga hliðstæðu. Óumdeilt er að hann veldur skekkju á fjármálamarkaði, gagnvart lífeyrissjóðum en ekki síður erlendum fjármálastofnunum, og dregur umtalsvert úr arðsemi. Þetta hefur tvíþættar afleiðingar. Annars vegar í hærri lánakjörum, sem viðskiptavinir bankanna þurfa að lokum að borga, einkum þeir yngstu og efnaminni sem hafa minni möguleika á að fjármagna sig hjá lífeyrissjóðum, og hins vegar lækkar bankaskatturinn verulega virði bankanna. Ríkið, sem eigandi að meirihluta fjármálakerfisins, er því með öðrum orðum að skjóta sig í fótinn. Gangi fjármálaáætlun eftir um að lækka skattinn í skrefum 2020 til 2023 þá munu hinir sérstöku skattar á banka, þar sem bankaskatturinn vegur þyngst, rýra heildarvirði þeirra um 150 milljarða. Enginn fjárfestir mun þó kaupa í fjármálafyrirtæki, nema með afslætti, upp á loforð stjórnmálamanna um að skatturinn fari mögulega einhvern tíma í framtíðinni.

Það er sjaldnast til pólitískra vinsælda fallið að tala fyrir lægri sköttum, skiptir þá engu hversu illa hugsaðir þeir eru, á fjármálafyrirtæki. Bankaskatturinn er því líklega kominn til að vera. Það vill samt iðulega gleymast að skilvirkara fjármálakerfi, sem miðlar fjármagni í arðbærustu fjárfestingarnar, skiptir sköpum við að leysa framleiðnivanda Íslands. Á meðan stjórnvöld ákveða að álögur á fjármálafyrirtæki skuli vera margfalt hærri en þekkist annars staðar, ásamt öðrum misviturlegum heimatilbúnum aðgerðum, þá er kostnaðurinn sá að hér verður enn rekið dýrasta bankakerfi í Evrópu.

**Enginn kaupir í banka upp á það loforð stjórnmálamanna að bankaskatturinn fari mögulega einhvern tíma í framtíðinni.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Oddvitar týndir í mannhafi**
Sextán framboð freista þess að komast til áhrifa í borgarstjórn Reykjavíkur. Oft er vandséð hvað skilur að og eðlilegt að spyrja hvort ekki mætti sameina slatta af flokkum ef egó oddvitanna fengju róandi. Þetta mannhaf er þó ef til vill til marks um að í sveitarstjórnarkosningum væri mögulega eðlilegra að kjósa einmitt fólk frekar en flokka. Sérfræðingar segja áhugann á kosningum í lágmarki og spá lakri kjörsókn. Álitsgjafar um stjórnmál og annálaðir spekúlantar skammast sín ekki einu sinni fyrir að geta ekki nefnt oddvita allra flokkanna á nafn. Það er af sem áður var.

**Öllu á botninn hvolft**
Í þessari absúrdkómedíu allri er allt á hvolfi. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á græna borg, sem var áður kappsmál Samfylkingar. Viðreisn lofar að leiðrétta kynbundinn launamun sem var mál VG í síðustu kosningum. Flokkur fólksins lofar svo „bjartri framtíð fyrir ungt fólk“. Veit Björt Ólafsdóttir af þessu og var ekki Björt framtíð örugglega dauð? Varla á það bætandi hjá Flokki fólksins að magna flækjustigið enn frekar með því að lauma sjálfdauðu sautjánda framboðinu í umræðuna. Kjósendur mega varla við meiri ringulreið.
thorarinn@frettabladid.is

# Borg sem vinnur fyrir þig



Hildur Björnsdóttir
skipar 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Á morgun göngum við til kosninga. Borgarbúar hafa aldrei haft svo marga valkosti en þeir hafa skýra valkosti. Þeir geta valið áframhaldandi stöðnun, skort og úrræðaleysi – eða þeir geta valið breytingar.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun setja íbúana í forgang. Við munum draga úr húsnæðisskorti, leysa samgönguvandann og greiða úr fjármálum borgarinnar. Við munum tryggja stöðugan fjárhag og betri þjónustu. Við ætlum að lækka útsvar og þjónustugjöld svo þú getir gert meira og farið lengra. Við ætlum að setja fjölskyldur í forgang og einfalda flókinn hversdaginn. Við munum forgangsraða í þágu menntunar og tryggja öllum börnum jöfn tækifæri. Við munum standa vörð um mannréttindi. Við munum vinna fyrir þig.

Við stöndum fyrir einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi. Við viljum skapa borg þar sem þú getur fengið góða hugmynd og komið henni í framkvæmd. Borg sem ryður veginn fyrir þá sem vilja sækja fram – og skapar frjóan jarðveg fyrir sókn og framfarir. Borg sem bannar minna og leyfir meira. Við viljum lítil opinber afskipti og lítil opinber umsvif. Við stöndum fyrir ábyrga fjármálastjórn og forgangsröðum í þágu grunnþjónustu. Við tryggjum frelsi og val um það hvernig þú lifir þínu lífi.

Við viljum skipuleggja fjölbreytta borg fyrir fjölbreytt fólk. Borg sem mætir ólíkum þörfum ólíkra einstaklinga. Sjálfbær hverfi með öfluga nærþjónustu. Höfuðborg sem fjárfestir í samgöngubótum fyrir fjölbreyttar samgöngur – vistvænar og greiðar samgöngur fyrir fólk. Borg sem ýtir undir samskipti og samvinnu í lífsbaráttunni. Heilsueflandi græna borg sem tryggir bætt lífsgæði – fyrir okkur öll.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík er skýr valkostur fyrir þá sem vilja breytingar. Skýr valkostur fyrir þá sem vilja höfuðborg í forystu – samkeppnishæfa borg á innlenda sem alþjóðlega vísu. Leiðandi borg um grænar og vistvænar lausnir. Reykjavík í samkeppni um fólk og atgervi. Höfuðborg sem setur fólk og fjölskyldur í forgang. Borg sem tryggir frelsi og val. Umhverfi þar sem fólki líður vel. Reykjavík sem vinnur fyrir þig.

**Við munum draga úr húsnæðisskorti, leysa samgönguvandann og greiða úr fjármálum borgarinnar. Við munum tryggja stöðugan fjárhag og betri þjónustu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Á ég að skalla þig?

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Í síðustu viku varð ég fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að um það bil hálf heimsbyggðin stóð að umfangsmiklu og illgjörnu samsæri gegn mér. Ég veit ekki hvað varð til þess að allur þessi fjöldi fólks ákvað upp úr þurru að leggja á sig sérstakt ómak til þess að skaprauna mér, og enn síður skil ég hvernig tókst að skipuleggja svona umfangsmikið samsæri á ótrúlega stuttum tíma. Enn sem komið er hef ég heldur ekki hugmynd um hverjir eru forsprakkar samsærisins, en ég hef einsett mér að komast til botns í því með öllum tiltækum ráðum og ná fram hefndum.

Það er reyndar huggun harmi gegn að samsærið, sem ég hélt í fyrstu að beindist að mér einum, virðist hafa beinst að öllum þeim helmingi mannkyns sem er saklaus af þátttöku í því. Engu að síður var reynslan óskemmtileg.

**„Laurel og Yanni“**

Þetta byrjaði allt á því að ég sá fólk hrópa rafrænt upp orðið „Laurel“ eða „Yanni“ á Instagram, Snapchat, Facebook og Twitter—öllum helstu götuhornum internetsins. Ég komst svo fljótlega að því að þetta tengdist allt einhverri hljóðklippu sem ég fann á netinu og spilaði. Hljóðklippan sagði skýrt og greinilega „Yanni,“ þannig að ég fór næst að leita að hljóðklippu sem sagði „Laurel“ til þess að hafa heyrt þær báðar. En þá upptöku fann ég hvergi.

Svo komst ég að því að stór hluti netverja þóttist hafa hlustað á nákvæmlega sömu klippu og ég, en ekki heyrt „Yanni“ heldur orðið „Laurel“. Voða fyndið, hugsaði ég, og athugaði hvort þessar hljóðklippur ættu uppruna sinn þann 1. apríl. En nei, það var víst ekki.

Ég hugsaði til þess fyrir nokkrum árum þegar útbúið var sérstakt samskiptaforrit á netinu sem gerði fólki kleift að senda milli sín skilaboðin „Yo“—og ekkert annað. Þegar fólk heyrði fyrst um þetta smáforrit þá trúði í raun enginn því að útbúið hefði verið forrit með eins fáránlega takmörkuðum notkunarmöguleikum; en þetta var víst raunin. Voða fyndið. Þetta „app“ var bara eitt stórt djók og allir sem notuðu það tóku þátt í því þangað til allir fengu leiða á því.

En þetta var eitthvað allt annað. Þeir sem þóttust heyra „Laurel“ virtust allir ætla að taka djókið með sér í gröfina—og ekki bara það, heldur ætluðu þeir líka að reyna að láta okkur hin fara smám saman að efast um geðheilbrigði okkar.

Ég hlustaði aftur og aftur á klippuna, í mismunandi tölvum, hátölurum og heyrnartólum og alltaf heyrði ég röddina segja skýrt og greinilega nákvæmlega það sama: „Yanni, Yanni, Yanni.“

Þegar ég talaði við fólk sem þóttist heyra „Laurel“ tók ég því þannig að fólk væri bara að djóka aðeins í mér. „Einmitt, já já, þú heyrir semsagt bara alls ekki Yanni?“ spurði ég.

– Hvað meinarðu? Röddin segir Laurel.

– Einmitt, já. Aha. Í alvörunni, hættu þessu rugli. Ég nenni þessi ekki.

– Nennirðu ekki hverju, manneskjan er að segja Laurel. Hvaða Yanni rugl er þetta?

- Yanni rugl? Er ekki í lagi með þig. Hættu þessum stælum og segðu mér bara satt. Við erum að hlusta á nákvæmlega sömu klippuna, röddin segir skýrt og greinilega Yanni.

– Á ég að skalla þig?

**Heilagur sannleikur**

En það var bara enginn til í að gefa sig. Fólk skiptist algjörlega í tvær fylkingar sem heyrðu úr sömu hljóðklippunni tvo gjörsamlega ólíka hluti. Allir gátu verið jafnsannfærðir um að hinir væru annaðhvort ruglaðir eða hluti af einhverjum hryllilega leiðinlegum og þreytandi gjörningi.

Á endanum komst ég að því að hljóðklippan innihélt bæði orðin, en það fór alveg eftir því hvernig móttökustöðvarnar í eyrum og heila voru stilltar hvort hlustandinn heyrði orðið „Yanni“ eða „Laurel“. Semsagt—það var enginn að ljúga eða grínast heldur var það hundrað prósent háheilagur sannleikur að fólk sem hlustaði á nákvæmlega sömu upptökuna heyrði gjörólíka hluti.

Í grein á netinu var þetta útskýrt og þar að auki var sett upp tól sem gerði fólki mögulegt að stilla hvaða tíðnisvið í upptökunni heyrðust best—þau lágu eða háu. Og viti menn, með því að stilla þetta örlítið til þá fór ég allt í einu að heyra „Laurel“ í staðinn fyrir „Yanni“ og heimurinn hætti skyndilega í samsærinu gegn mér. Það eina sem ég þurfti að gera var að gefa mér tíma til þess að rannsaka þetta fyrirbæri örlítið. Það þurfti ekkert að rífast, það þurfti enginn að skalla neinn, bara gefa sér tíma til að hlusta betur.

**Vitringur eða vitleysingur**

Að allt öðru. Hingað til Íslands er væntanlegur kanadískur sálfræðingur, Jordan Peterson, sem hyggst flytja sjálfshjálpar- og sjálfsstyrkingarboðskap sinn í Hörpu í næstu viku. Eins og annars staðar þar sem sá maður ferðast er byrjað hér á landi rifrildi milli þeirra sem sjá í honum vitring og hinna sem telja hann vitleysing. Það er einkenni á umræðum um Peterson að heiftin gegn honum er einna mest meðal þeirra sem minnst hafa kynnt sér málflutning hans, og dýrkunin á honum er mest meðal þeirra sem minnst hafa kynnt sér hugmyndir annarra hugsuða.

Það er vissulega seinvirkt að kynna sér almennilega þau mál sem maður vill hafa skoðun á, en áður en maður fer að skalla fólk eða kalla það öllum illum nöfnum er ágætt að ganga úr skugga um að maður hafi stillt móttökustöðvarnar í eyrum og heila þannig að maður heyri raunverulega það sem verið er að segja.

# „Það þarf ekkert að bora, það var engin tönn“



Vilhjálmur Hjálmarsson
fulltrúi í málefnahópi ÖBÍ um heilbrigðismál

**Næsta skref er að fulltrúar tannlækna og sjúkratrygginga setjist að samningaborði. Drífum þann hluta endilega af með bros á vör.**

Að mæta hverjum degi með bros á vör er hverjum manni hollt. Nýverið sat undirritaður fyrir hönd ÖBÍ í starfshópi sem heilbrigðisráðherra fól að fjalla um greiðsluþátttöku ríkisins í tannlækningum aldraðra og öryrkja. Því miður er löngu ljóst að hér er pottur illa brotinn.

Gildandi lög kveða á um 75%-100% kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlæknaþjónustu fyrir þennan hóp. En í hálfan annan áratug hefur verið notast við úrelta aðgerðaskrá auk einhliða gjaldskrár sem vart hefur hækkað. Allt umfram greiðir einstaklingurinn, óháð efnahag og aðstæðum viðkomandi.

Fæstir gera sér grein fyrir mikilvægi tannheilsu í almennu heilsufari, enda heimsókn í tannlæknastólinn oft fyrsta fórnarlambið þá skórinn kreppir. Þegar ofan á bætist aldur eða örorka virðist brekkan fljótt ókleif. Sömu hópar þurfa jafnframt ýmis lyf, sem mörg hver geta ýtt undir frekari skemmdir. Þá er stutt í að ástandið dragi sálartetrið niður. Brosið hverfur. Þetta er ekki langsótt myndlíking, heldur lýsing á því sem gerist.

Einstaklingi sem vegna fötlunar er félagslega einangraður getur hrakað hratt ef lundin þyngist. Hvað heldri borgara varðar gildir það sama, í ofanálag bætist að samhliða hækkandi lífaldri heldur fólk eigin tönnum mun lengur en áður var.

Meðan lögfest greiðsluþátttaka hins opinbera gengur út frá úreltri gjaldskrá og aðgerðaskrá sem ekki stenst nútíma vinnubrögð versnar ástandið hratt. Þessu þarf að kippa í liðinn sem fyrst. Jafnframt er ósk mín að hugað verði sérstaklega að forvörnum, sem líklega munu skila hinu opinbera sparnaði er fram í sækir.

Heilbrigðisráðherra lýsti ánægju sinni yfir niðurstöðu nefndarinnar en til að taka málið lengra þarf raunverulegt kostnaðarmat að liggja fyrir. Næsta skref er að fulltrúar tannlækna og sjúkratrygginga setjist að samningaborði. Drífum þann hluta endilega af með bros á vör.

Fyrirsögnin er fengin að láni hjá Sigmund.






# Að tala niður náttúruna



Tómas Guðbjartsson
læknir og náttúruverndarsinni

Birna Lárusdóttir, upplýsingafulltrúi VesturVerks, sendir mér tóninn í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær undir fyrirsögninni Tómas tungulipri. Hún kemur víða við og segir mig fara með rangt mál án þess að færa fyrir því rök.

Vel sótt málþing okkar Ólafs Más Björnssonar um ósnortin víðerni á Ísafirði segir hún hafa verið illa auglýst þannig að ísfirskir ráðamenn sáu sér ekki fært að mæta. Samt var það auglýst með hálfsíðuauglýsingum í Fréttablaðinu og Mogganum auk þess sem við keyptum auglýsingu í Bæjarins besta á Ísafirði og dreifðum viðburðinum með löngum fyrirvara á Facebook. Það er rétt að Fossavatnsgangan var daginn eftir en sú frábæra keppni stöðvaði a.m.k. ekki Sjálfstæðisflokkinn á Ísafirði í að opna kosningaskrifstofu sína á nákvæmlega sama tíma.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Birna sendir mér tóninn en hún hefur verið í forsvari þeirra sem tala niður náttúruna upp af Ófeigsfirði á Ströndum og þá í hlutverki talsmanns framkvæmdaaðila virkjunarinnar, VesturVerks. Það gerði hún m.a. í aðsendri grein í Fréttablaðinu þann 21. mars sl. en þar sagði hún: *„Sá hluti Ófeigsfjarðarheiði, þar sem stíflumannvirki Hvalárvirkjunar munu rísa, er dæmigerð vestfirsk háheiði. Landið er hrjóstrugt og gróðurlítið og veður þar oft válynd, jafnvel að sumri til. Varla má anda úr norðaustri án þess að allt fyllist af þoku. Svæðið er illa aðgengilegt göngufólki þar til í seinni hluta júlímánaðar því ár eru vatnsmiklar og jafnvel ófærar. Eftir miðjan ágúst er allra veðra von og gæta þarf sérstakrar varúðar á svæðinu. Það er því aðeins um einn mánuður að sumri sem er álitlegur til gönguferða á þessu svæði.“*



Kálfatindar séðir af Ófeigsfjarðarheiði.



Fossinn Drynjandi. MYNDIR TÓMAS GUÐBJARTSSON

Sumar lýsingar Birnu eru beinlínis rangar, t.d. fullyrðing hennar um að ekki sé hægt að komast að fossunum nema í einn mánuð á ári. Birna er því miður ekki sú eina sem talað hefur niður náttúrufegurð þessa stórkostlega svæðis. Það hefur einnig Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði gert, en hann lýsir þessum æskustöðvum sínum á einkar neikvæðan hátt í blaðaviðtali og segir þarna vera „þoku í 300 daga á ári“. Pétur er annar tveggja aðila sem selt hafa Vesturorku vatnsréttindi sín fyrir háar fjárhæðir en hinn er ítalskur barón, Felix Von Longo-Liebenstein, sem á Eyvindarfjörð. Það er því nokkuð ljóst að þeir sem hafa mestan fjárhagslegan ávinning af Hvalárvirkjun reyna allt til að gera lítið úr náttúrunni – náttúru sem ekki getur varið sig árásum. Vissulega eru heiðarnar upp af Ófeigsfirði gróðurlitlar efst en neðar tekur við ríkulegur gróður og sérlega fallegar tjarnir. Fossarnir á svæðinu og klettum prýdd strandlengjan eru þó helstu gersemar svæðisins, steinsnar frá friðlandi Hornstranda og Drangaskörðum. Máli mínu til staðfestingar, en einnig til að afsanna kenningar Birnu og VesturVerks, þá hélt ég ásamt félaga mínum Ólafi Má Björnssyni en einnig Ragnari Axelssyni ljósmyndara og Sigurði G. Sveinssyni tölvunarfræðingi á fyrirhugað virkjanasvæði í byrjun vikunnar, nánar tiltekið annan í hvítasunnu (20. maí). Veðrið var guðdómlegt og móðir náttúra í miklu stuði, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd af Drynjanda. Mjög greiðlega gekk að komast að fossunum og í þeim var mikið og blátært vatn. Þarna hefði Birna átt að vera – bæði til að sjá fegurðina en líka til að sjá hversu rangt hún fór með í grein sinni í Fréttablaðinu. Sannleikurinn er nefnilega sagna bestur.

# Borgin okkar allra



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar, skipar 2. sæti á lista flokksins í Reykjavík

Ég vil sjá samfélag þar sem við öll fáum tækifæri til að þroskast og dafna og enginn er skilinn eftir. Lífið færir flestum okkar áskoranir til að takast á við og þær geta birst hvenær sem er, sama hvar við erum stödd á lífsleiðinni og hvort sem við glímum við veikindi, atvinnuleysi, fötlun eða barnið okkar eða einhver nákominn lendir í vanda. Velferðarþjónustan á að vera til staðar og styðja okkur og valdefla þegar þörf er á. Við eigum að fá jöfn tækifæri og við eigum öll að geta treyst á stuðning.

### Meiri velferð

Reykjavíkurborg hefur á liðnu kjörtímabili stóraukið framlög til skólastarfs og velferðarmála, fjölgað félagslegum íbúðum, stórhækkað frístundastyrkinn, eflt almenningssamgöngur og nánast eytt launamun kynjanna á vinnustöðum borgarinnar.

Við höfum lagt áherslu á geðheilsu og öflugan stuðning við börn og fjölskyldur í vanda. Við höfum hafið verkefni til að efla þverfaglega þjónustu í skólunum, því að það þarf að auka sálfræðiþjónustu og mæta betur þörfum ungmenna með fíknivanda. Við þurfum líka meiri fræðslu um geðheilsu og öflugri forvarnir. Við viljum fjölga geðheilsustöðvum og styðja félagasamtök sem vinna að bættri geðheilsu í borginni.

### Innihaldsríkt líf

Öll börn eiga að geta þroskað hæfileika sína í frístundastarfi. Við hækkuðum frístundastyrkinn og viljum halda áfram að efla frístundastarf um alla borg. Þar má nefna skólahljómsveitir, æfingahúsnæði fyrir tónlistarfólk, hverfisbarnakóra og tækifæri til að prófa margs konar íþróttir án endurgjalds.

Við viljum styrkja félagsmiðstöðvar eldri borgara og þróa eins konar samfélagshús sem er opið öllum til að eiga góð og uppbyggileg samskipti, fræðast og sinna hugðarefnum sínum. Það þarf að efla heimaþjónustu og heimahjúkrun enn frekar og hvetja til hreyfingar, útivistar og frístunda eldri borgara með enn betra Menningar- og heilsukorti eldri borgara.

### Örugg borg án ofbeldis

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi í vinnu gegn hvers kyns ofbeldi. Starfsemi hófst í fyrra í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Við gerðum einnig samkomulag um örugga og ofbeldislausa skemmtistaði, bættum öryggi í miðborginni og erum að innleiða forvarnir gegn ofbeldi í skólum borgarinnar. Komin er í gang ný aðgerðaáætlun gegn ofbeldi í samvinnu við grasrótina í borginni, lögregluna og Embætti landlæknis.

### Áfram Reykjavík

Jöfnuður, jafnrétti og sjálfbærni hefur verið rauður þráður í allri okkar vinnu og við viljum halda áfram að byggja upp kraftmikla og nútímalega borg þar sem enginn er skilinn eftir. Vilt þú vera með?

# Áskoranir í persónuvernd– er þitt sveitarfélag tilbúið?



Telma Halldórsdóttir
lögfræðingur, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Í dag, 25. maí, á evrópska persónuverndardeginum tekur gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Reglugerðin öðlast gildi á Íslandi eftir að Alþingi setur lög um málið. Hér á landi voru drög að frumvarpi kynnt fyrir stuttu og hafa stjórnvöld lýst því yfir að stefnt sé að innleiðingu nýrra laga um persónuvernd eins nálægt deginum í dag og hægt er. Er því ljóst að ástæða er fyrir sveitarfélög landsins að spýta í lófana enda er sá tími sem er til stefnu, frá því að frumvarp er kynnt og þar til lögin munu öðlast gildi, afar stuttur.

Sveitarfélög fara með mikið af viðkvæmum persónuupplýsingum sem hluta af lögbundinni þjónustu þeirra, m.a. við rekstur grunnskóla, leikskóla, félagsþjónustu, öldrunarþjónustu, leyfisveitingar, starfsmannahald o.fl. Sveitarfélög bera ábyrgð á meðferð allra þessara upplýsinga og að farið sé að lögum um persónuvernd. Innleiðing nýrra persónuverndarlöggjafar kallar auk þess á umfangsmiklar breytingar og því má heita ljóst að innleiðing nýrra laga felur í sér sérlega umfangsmikið verkefni innan stjórnsýslu sveitarfélaga. Afar mikilvægt er því að sveitarstjórnarmenn geri sér grein fyrir þeim ríku skyldum sem hvíla á þeim í þessum efnum og taki nauðsynleg skref við innleiðingu og undirbúning fyrir ný lög til að verja sveitarfélögin gegn mögulegum málaferlum og stjórnsýslusektum.

Hér er um að ræða verkefni sem nýjar sveitarstjórnir verða að setja framarlega í forgangsröðina strax að kosningum loknum, en á meðal þess sem öll sveitarfélög þurfa að fara yfir, hvert í sínu ranni, er eftirfarandi:

- Er kominn persónuverndarfulltrúi hjá sveitarfélaginu, sem uppfyllir þær ríku kröfur sem gerðar eru í lögunum?
- Hefur vinnsla sveitarfélagsins verið skoðuð og vinnsluskrá gerð?
- Hafa öryggiskerfi og skjalakerfi sveitarfélagsins verið skoðuð m.t.v. kröfur í nýjum lögum?
- Hafa samningar við vinnsluaðila verið yfirfarnir?
- Hefur sveitarfélagið sett sér persónuverndarstefnu og önnur skjöl sem lögin gera ráð fyrir?
- Er sveitarfélagið með áætlun um innleiðingu og hlítingu?

Sé undirbúningur skammt á veg kominn, er mikilvægt að tímasett verkefnaáætlun verði gerð sem sýnir hvernig sveitarfélagið ætli sér að uppfylla kröfur laganna. Þar sem þessi vinna er ekki bara tímafrek heldur líka kostnaðarsöm skiptir skipulag höfuðmáli.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið mikið starf við undirbúning nýju laganna og má finna bæði leiðbeiningar og hagnýta fyrirlestra um efnið á vef þess. Einnig hafa stöðluð skjöl verið mótuð og aðlöguð að löggjöfinni af lögfræðingahópi um persónuvernd og UT hópi um persónuvernd hjá sambandinu sem nýtast sveitarfélögunum.

**Ljóst er að verkefnið er stórt, en tækifæri til úrbóta eru jafnframt mikil. Sameiginlegir hagsmunir bæði sveitarfélaga og íbúa eru augljóslega að gætt sé að persónuverndarupplýsingum og meðferð þeirra.**

Þá hefur með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mikið starf verið unnið að undanförnu í grunnskólum landsins vegna rafrænna kerfa, áhættumats o.fl. Frekari vinna er svo að fara af stað við innleiðingu í grunnskólum, leikskólum og frístundastarfi í samvinnu við Reykjavíkurborg sem deilt verður með öllum sveitarfélögum.

Ljóst er að verkefnið er stórt, en tækifæri til úrbóta eru jafnframt mikil. Sameiginlegir hagsmunir bæði sveitarfélaga og íbúa eru augljóslega að gætt sé að persónuverndarupplýsingum og meðferð þeirra.

Sambandið óskar öllum gleðilegs persónuverndardags og hvetur sveitarfélög landsins áfram til góðra verka á sviði persónuverndar.




Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, hann hefur unnið til 38 alþjóðlegra verðlauna. PureTech bensínvél bílsins hlaut þann heiður að vera valin Vél ársins þriðja árið í röð.

***KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

**Peugeotisland.is**

# Engir betri Píratar en Píratar



Dóra Björt Guðjónsdóttir
oddviti Pírata í Reykjavík

**Við viljum gagnsæi svo þú getir sjálf athugað í hvað peningarnir fara og hvernig ákvarðanir eru teknar.**

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, hefur að eigin sögn hug á að endurræsa Reykjavík og er tíðrætt um að stytta boðleiðir og einfalda ferlana í borginni. Viðreisn talar um einfaldara líf og virðist vitna í sömu hugmynd. Sósíalistaflokkurinn notar slagorðið „valdið til fólksins“. Það er okkur Pírötum alltaf fagnaðarefni þegar við sjáum að við erum öðrum innblástur, en það er enginn flokkur betri í að vera Píratar en einmitt Píratar. Markmiðin hafa þessir flokkar á hreinu og þeim deilum við með þeim. En hvernig ætla þeir að fara að þessu? Ég hef nefnilega ekki séð neinar raunhæfar lausnir.

Á núverandi kjörtímabili hafa Píratar átt einn mann í núverandi meirihluta. Miðað við það höfum við náð mögnuðum hlutum í gegn. Við höfum hafist handa við að valdefla borgarbúa með því að festa umboðsmann borgarbúa í sessi, styrkja lýðræðistól eins og Betri Reykjavík og Hverfið mitt, opna bókhald borgarinnar og stofna rafræna þjónustumiðstöð. Þar að auki höfum við tekið frumkvæði að nýjum stefnum borgarinnar og með nýrri upplýsingastefnu, þjónustustefnu og lýðræðisstefnu höfum við lagt grunn að stórum og mikilvægum breytingum, jafnvel umbyltingu, í þjónustu borgarinnar. Þessar stefnur ásamt endurgerð þjónustuferla og rafvæðingu stjórnsýslunnar sem við höfum lagt grunn að, munu stytta boðleiðir, einfalda kerfin og bæta þjónustu við borgarbúa svo um munar.

Við Píratar viljum raunverulegar lausnir til lengri tíma, ekki plástrapólitík til fjögurra ára. Við gætum almannahags og það er gríðarlega frelsandi í pólitík. Við viljum samfélag sem er gott að búa í og þar sem allir fá að njóta sín. Við viljum langtímahugsun og faglegt og traust vinnubrögð og gera hlutina vel frá byrjun frekar en að hlaupa af stað og framkvæma strax til að skrapa saman einhver atkvæði.

Við stöndum fyrir nýrri sýn á pólitík. Þar sem stjórnmálin þjóna fólkinu. Þetta er róttækt á Íslandi, á litlu landi þar sem stjórnmálin hafa verið mikið til notuð til þess að færa vald frá almenningi til lítillar elítu sem svo handlangar góss og völd til vina og vandamanna.

Við Píratar sækjumst eftir valdi til þess að dreifa því. Við viljum gagnsæi svo þú getir sjálf athugað í hvað peningarnir fara og hvernig ákvarðanir eru teknar. Við viljum traust og faglegt kerfi sem koma í veg fyrir spillingu. Þangað bíður okkar löng leið. En við höldum ótrauð áfram og gefumst aldrei upp.

Ekkert rugl á okkar vakt. Setjum X við P.

# Hlustar þú?



Þórhildur Ólafsdóttir
meðlimur í Vinum Jemens

**Það er hægt að lifa af forréttindaáfall og velmegunarsjokk. En það er tvísýnt hvort um 11 milljónir jemenskra barna lifa þetta stríð af.**

Styrjöldin í Jemen og þjáningar jemensku þjóðarinnar rata af og til í íslenskar fréttir. Þetta stríð er flókið, landið fjarlægt og fátækt og hagsmunir stórveldanna þar litlir. Það er líklega skýringin á því að þessum hörmungum hefur víðast hvar verið mætt með ótrúlegu tómlæti.

Fyrir nokkrum árum bjó ég um skeið í Jemen þar sem ég vann með bandarískum hjálparsamtökum sem reyna að bæta menntun barna. Eins og margir Vesturlandabúar hafði ég mjög yfirborðslega sýn á þetta heimssvæði, hvorki þekkingin né skilningurinn risti djúpt.

Liður í starfi mínu var að taka viðtöl við börn sem nutu aðstoðar hjálparsamtakanna. Eitt sinn heimsótti ég fjallahéraðið Taiz í þessum tilgangi. Börnin héldu áfram að vinna og sinna sínu meðan ég ræddi við þau, en öll vildu þau segja frá sjálfum sér, vonum sínum og þrám. Rétt eins og og öll börn alls staðar í heiminum hafa jemensku börnin vonir og þrár í ríkum mæli en óvíða útheimtir það jafn mikið erfiði að láta þær verða að veruleika og einmitt þar.

Ég átti erfitt þennan dag. Og ég skammaðist mín fyrir það að þykja þetta erfitt því í samanburði við þessa barnungu viðmælendur mína hafði ég nákvæmlega ekkert til að kvarta yfir. Ólíkt mér gátu þau ekki farið neitt eða gert eitthvað annað. Þegar ég kom aftur á skrifstofuna um kvöldið brast stíflan og ég fékk, að ég held, snert af taugaáfalli. Líklega var það þó frekar forréttindaáfall, velmegunarsjokk Vesturlandabúans. Stuttu síðar flaug ég heim í öryggið. Í Jemen hófst borgarastyrjöld. Grátt bættist ofan á kolsvart.

Ég hugsa reglulega til jemensku barnanna sem ég hitti þarna um árið. Sérstaklega núna þegar UNICEF hefur hafið neyðarsöfnun undir yfirskriftinni „Má ég segja þér soldið?“ Þar segja börnin í Jemen sína sögu, þau lýsa veruleika sínum, hörmungunum sem þau upplifa. Ég veit svo sannarlega hversu erfitt það er að hlusta. En við verðum. Það er hægt að lifa af forréttindaáfall og velmegunarsjokk. En það er tvísýnt hvort um 11 milljónir jemenskra barna lifa þetta stríð af.

Til að styðja UNICEF sendið smsið Jemen í númerið 1900 og gefið 1.900 krónur í neyðaraðgerðir í landinu. Svo er Fatímusjóður Jóhönnu heitinnar Kristjónsdóttur einnig til hjálpar. Reikningsnúmer er 0512-04-250461 og kennitalan er 680808-0580. Íslensk stjórnvöld verða svo að þrýsta á og vinna með alþjóðasamfélaginu að friði. Það verður að stöðva ofbeldið gegn börnum í Jemen.

# Skrattinn í ferðaþjónustunni



Bryndís Kristjánsdóttir
leiðsögumaður



Óheillaþróun er að verða í auknum mæli í ferðaþjónustu á Íslandi sem mun án efa leiða til:

- minni gæða
- minna öryggis
- atvinnuleysis
- minni skatttekna

Það sem hér um ræðir er að enn frekar eykst að farið sé í hópferðir með erlenda ferðamenn um landið þar sem enginn innlendur leiðsögumaður er með í ferð heldur einungis erlendur hópstjóri. Hópstjórinn kemur þá gjarnan með hópnum til landsins eða frá skemmtiferðaskipinu sem liggur hér við bryggju. Kannski hefur hópstjórinn komið einu sinni áður til landsins, kannski aldrei og í besta falli nokkrum sinnum.

Mýmörg dæmi eru um að þetta hafi viðgengist hér í nokkuð langan tíma en nú heyrist að þetta muni aukast verulega í sumar og halda áfram á komandi árum ef ekkert verður að gert. Nú þegar er það að gerast að erlendar ferðaskrifstofur eru að hætta að nota þjónustu innlendra ferðaskrifstofa við skipulagningu og umsjón ferða á Íslandi og ætla sjálfar að sjá um alla skipulagningu – þá eins og þeim hentar og væntanlega græða mest á. Og eitt af því sem þær virðast ætla sem sagt að gera er að flytja inn sína „leiðsögumenn“, þ.e. hópstjóra.

Með þessu eru þeir að spara sér það rándýra vinnuafl á Íslandi sem nefnast leiðsögumenn.

**Það versta er að nú heyrist líka að innlendar ferðaskrifstofur/ferðaskipuleggjendur séu farnir að stunda það sama, þ.e. eru með hópferðir á sínum vegum þar sem erlendur aðili (hópstjóri) stýrir ferð.**

Launataxtar leiðsögumanna (frá 1.5.2018) sýna þau lágmarkslaun sem greiða skal fyrir starfið og hér er birtur dagvinnutaxti lægsta og hæsta launaflokks, án orlofs.

1. Flokkur: dagvinna 1.764 kr. á klst. (+ 220 kr. kostnaðarliður)

4. Flokkur: dagvinna 1.956 kr. á klst. (+ 260 kr. kostnaðarliður).

Við hljótum þá að spyrja hvaða laun sé verið að greiða hópstjórunum? Kannski engin, þar sem þeir fengu fría ferð til Íslands í staðinn? Fái þeir einhver laun þá er alla vega ekki greiddur skattur af þeim á Íslandi, eins og gert er af launum innlendra leiðsögumanna, svo þjóðarbúið verður af þeim tekjum.

Það versta er að nú heyrist líka að innlendar ferðaskrifstofur/ferðaskipuleggjendur séu farnir að stunda það sama, þ.e. eru með hópferðir á sínum vegum þar sem erlendur aðili (hópstjóri) stýrir ferð. Um leið er óskað eftir enskumælandi bílstjóra og því miður hafa sumir þeirra aðstoðað erlendu aðilana við að útrýma innlendum leiðsögumönnum úr starfi. Hér má svo spyrja hvort að ferðþjónustuaðilarnir séu að starfa undir merkjum VAKANS - gæðastýringakerfi ferðaþjónustunnar – og hvort nokkur sé að fylgjast með að þeir séu að vinna samkvæmt kerfinu?

Fagmenntaðir leiðsögumenn hafa í áratugi barist fyrir viðurkenningu starfs síns en án árangurs; „hver sem er“ getur leiðsagt á Íslandi. Umræddir erlendir hópstjórar eru að taka störf frá þessum sérmenntaða starfskrafti en munu þó aldrei geta komið í þeirra stað.

Leiðsögumenn bera þá von í brjósti að nýi ráðherra ferðamála sjái mikilvægi þess að tryggja að leiðsögn í hópferðum á Íslandi sé eingöngu í höndum innlendra leiðsögumanna og komið þannig í veg fyrir að ofangreind þróun haldi áfram óáreitt.

# Heildstæð orkutenging á Norðurlandi strax



Sigmundur Einar Ófeigsson
framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar

**Álag á byggðalínuna hefur vaxið samfara aukinni raforkunotkun og er nú svo komið að línan er fullnýtt. Virkjanir landsins geta framleitt meiri orku en veikt flutningskerfi takmarkar framleiðsluna með þeim afleiðingum að orka tapast, hún kemst ekki til raforkunotenda.**

Eitt stærsta hagsmunamál Eyfirðinga er raforkuöryggi. Það er óþolandi staðreynd að Akureyri og Eyjafjörður allur skuli búa við raforkuskort þrátt fyrir að næg orka sé til í landinu. Áralöng barátta fyrir úrbótum hefur litlu skilað og hafa fyrirtæki og sveitarfélög þurft að koma sér upp varaafli með dísilvélum og olíukötlum sem er algjörlega úr takti við baráttuna gegn loftslagsbreytingum. Orkuskorturinn hamlar uppbyggingu atvinnulífs á Eyjafjarðarsvæðinu og á hún sér enga framtíð við þessi skilyrði enda samkeppnishæfni svæðisins skert.

**Norðurland 1.100 MW samtengt orkusvæði**

Hugmyndin um uppbyggingu byggðalínunnar frá Fljótsdalsstöð að Blöndustöð á Norðurlandi er stórtæk en vel framkvæmanleg. Það er gríðarlega stórt hagsmunamál fyrir Eyjafjörð og í raun Norðurland allt að strax verði hafist handa við að byggja nýja 220 kílóvatta byggðalínu frá Fljótsdalsstöð að Blöndustöð. Þetta eru línurnar Kröflulína 3 sem liggur frá Fljótsdalsstöð að Kröflu, Hólasandslína 3 sem liggur frá Kröflu að Rangárvöllum og Blöndulína 3 sem liggur frá Rangárvöllum að Blöndustöð. Innviðauppbygging sem þessi myndi gera Norðurland að heildstæðu öflugu orkukerfi með um 1.100 megavatta framleiðslu. Ef samtenging raforkukerfisins á Norðurlandi, sem er í raun enduruppbygging byggðalínunnar, verður að raunveruleika mun raforkuöryggi stóraukast og næg orka verður á svæðinu til orkuskipta og framtíðar atvinnuuppbyggingar. Íslendingar eiga að styrkja innviði samfélagsins með öruggu og nútímalegu raforkuflutningskerfi. Stórátak þarf við uppbyggingu og viðhald innviða og við þurfum að forgangsraða í þágu slíkrar uppbyggingar.

**Áratugagamlir innviðir skapa óöryggi**

Byggðalínukerfið sem flytur raforku milli landshluta er orðið áratugagamalt og komið að þanmörkum. Flutningsgetan er einungis 100 megavött sem er aðeins lítill hluti af þeim 2.757 megavöttum sem er uppsett afl í landinu, eða 4%. Kerfið getur ekki lengur afhent næga orku með öruggum hætti eða tekið við nýrri orku og því ekkert svigrúm fyrir aukna rafmagnsnotkun. Óöryggið verður meira og meira eftir því sem árin líða. Vandamálið tengist ekki eingöngu Eyjafirði heldur stefnir í orkuskort víða um land á komandi áratugum við óbreytt ástand.

**Stórátak þarf í innviðauppbyggingu**

Álag á byggðalínuna hefur vaxið samfara aukinni raforkunotkun og er nú svo komið að línan er fullnýtt. Virkjanir landsins geta framleitt meiri orku en veikt flutningskerfi takmarkar framleiðsluna með þeim afleiðingum að orka tapast, hún kemst ekki til raforkunotenda. Það samræmist ekki markmiðinu á bak við raforkulögin um frjáls viðskipti með raforku ef ekki er hægt að flytja raforku á milli svæða. Í mörg ár hefur legið ljóst fyrir að fara þurfi í stórátak til styrkingar raforkuflutningakerfisins, sambærilegt og átti sér stað við gerð byggðalínunnar fyrir rúmlega 40 árum. Um það eru allir sammála en lítið sem ekkert hefur þokast í þeim málum vegna þess að menn eru ekki sammála um hvernig það skuli gert. Pólitískan vilja og kjark skortir. Á meðan versnar ástandið ár frá ári og dýrmætur tími fer til spillis því framkvæmdatíminn er langur.

# HELGARSPRENGJA

## ÖLL **HÚSGÖGN***

# 20%





## ÖLL **GARÐHÚSGÖGN** OG **SESSUR***

# 20%





## ÖLL **RÚM** OG **DÝNUR***

# 20-40%





*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR 25.05 - 27.05

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN




# Við ætlum að kjósa Dag sem Borgarstjóra






# Áfram Reykjavík

XS

xsreykjavik.is

# Framtíðin felst í menntun – líka í tónlistarleikhúsi



**Gunnar Guðbjörnsson**
skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz

Uppgangur tónlistarleikhúss á Íslandi síðustu ár ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum.

Óperur hafa vissulega verið misjafnlega vinsælar síðustu ár en þegar best tekst til er þjóðin sólgin í þær. Í því sambandi má nefna sýningar á borð við Ragnheiði eftir Gunnar Þórðarson fyrir um fjórum árum. Þó að algengara sé að óperur íslenskra tónskálda séu frumfluttar í útlöndum rata þær stundum hingað á klakann, landanum til ómældrar gleði.

Stóru leikhúsin keppast um að setja upp glæsilegar söngleikjasýningar og virðist eftirspurn oftast vera meiri en framboð. Á söngleikjasýningum grunnskóla og framhaldsskóla er meira að segja fullt út úr dyrum. Sjálfstæðir leikhópar láta ekki sitt eftir liggja og ráðast í uppsetningar á söngleikjum og barnasýningum þar sem söngur og tónlist er í aðalhlutverki. Ætti öllum að vera í fersku minni sú mikla athygli sem stórsýning TMB viðburða á söngleiknum Phantom of the Opera í Hörpu hlaut.

Sjálfur gleðst ég mjög yfir gróskunni enda stýri ég skóla sem hefur á síðustu árum m.a. lagt áherslu á samruna listgreinanna leiklistar og tónlistar. Í haust var stofnaður kór á vegum skólans með nemendum einsöngsdeildar og söngleikjadeildar til að syngja í Phantom of the Opera. Fengu nemendurnir ómetanlega reynslu með þátttöku í þessu metnaðarfulla verkefni. Nemendurnir komu á óvart en þó ber að hafa í huga að stór hluti af starfi SSD hverfist um að setja upp sýningar á óperum og söngleikjum. Það væri ósk okkar að skólanum yrði gert kleift að auka leiklistarkennslu til að ná betra jafnvægi í kennslu og auka þar með leikni nemenda í leiklistarhlutanum.

Stefnan er að bjóða nemendum undirbúning fyrir atvinnumennsku á leiksviði og til þess þarf að forgangsraða rétt í skólastarfinu. Breytingar í heimi tónlistarleikhúss á síðustu áratugum valda því að auknar kröfur eru gerðar um leiklistarkennslu. Bregðast háskólar víða í Evrópu við í takt við þessar kröfur og við verðum einnig að gera það hér á landi. Á Íslandi er hægt að undirbúa nemendur fyrir nám í erlendum háskólum enn betur.

Á dögunum heimsótti ég konunglega konservatoríumið í Antwerpen þar sem fimm útskrifaðir nemendur úr SSD stunda nú nám. Árangur þeirra er góður því þau gegndu öll veigamiklum hlutverkum í uppfærslu skólans á Töfraflautu Mozarts. Þessir nemendur voru vel undirbúnir en hefðu getað verið enn betur í stakk búnir til að takast á við námið ytra og það sem því fylgir.

Væntanlega þurfum við ekki að efast um mikilvægi fjölbreytileika í íslenskri menningu. Um áhuga Íslendinga fyrir tónlistarleikhúsi þarf ekki að fjölyrða og augljóst er að hér á landi er hæfileikafólk hvert sem litið er. Við eigum alþjóðlega listamenn sem gera garðinn frægan allt árið um kring en til þess að við getum áfram verið í fremstu röð þurfum við sem menntum fólk fyrir framtíðina skilning stjórnvalda og aukið svigrúm fyrir menntun sem er í takt við nútímann.

**Við eigum alþjóðlega listamenn sem gera garðinn frægan allt árið um kring en til þess að við getum áfram verið í fremstu röð þurfum við sem menntum fólk fyrir framtíðina skilning stjórnvalda og aukið svigrúm fyrir menntun sem er í takt við nútímann.**

# Ég er ísraleskur gyðingur – ég styð sniðgöngu gegn Ísrael



**Ilan Pappe**
prófessor í sagnfræði við háskólann í Exeter

Ákallið um sniðgöngu Ísraels, ásamt viðskiptabanni og fjárlosun (e. Boycott, Divestment and Sanctions) átti uppruna sinn í samfélagi Palestínumanna (í gegnum hundruð frjálsra félagasamtaka) fyrir þrettán árum síðan. Ákallið barst víða að; frá palestínsku samfélagi, frá Ísrael, hinum hernumda Vesturbakka og umsetna Gazasvæðinu ásamt samfélagi palestínskra flóttamanna víðsvegar um heiminn. Ástæður ákallsins eru augljósar. Þjóðarhreyfing Palestínumanna fór í gegn um tvö stig í baráttu sinni fyrir frelsi og sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar í kjölfar hörmunganna (Nakbah) eftir stríðið 1948, þar sem land Palestínumanna var tekið eignarnámi af hreyfingu Síonista og helmingur þjóðarinnar var hrakinn burt frá sínu heimalandi í kerfisbundnum þjóðernishreinsunum ásamt því að helmingur palestínskra þorpa voru þurrkuð út.

Fyrsta skrefið var einkennandi fyrir baráttuna gegn nýlendustefnunni sem hófst um 1950-1960 og var það vopnuð andspyrna sem mistókst (nema í því að halda þjóðernishreyfingunni á lífi og beina kastljósi heimsins að málinu). PLO, Frelsissamtök Palestínu, tóku við kyndlinum á níunda áratugnum með diplómatískum aðferðum sem gáfu af sér Óslóarsamkomulagið árið 1993. Ekki einungis brást Óslóarsamkomulagið algjörlega, heldur reyndist það vera bragð Ísraelsstjórnarinnar til að koma á óbeinni herstjórn á Vesturbakkanum og Gaza. Í þessu friðarferli fengu Ísraelsmenn friðhelgi til að framkvæma nýlendustefnu sína á hernumdu svæðunum. Lífsgæði Palestínumanna, beggja vegna Grænu línunnar, versnuðu til muna eftir að friðarferlið mistókst. Staða flóttamanna var jafn slæm og lausnin varð enn fjarlægari eftir atburðina í Sýrlandi (palestínsku flóttamannabúðirnar í Yarmuk voru nánast þurrkaðar út).

Palestínumenn á Gaza reyna enn að veita vopnaða mótspyrnu, og þar til nýlega jafnvel með sjálfsmorðssprengjum. Aftur á móti er trúin á sterka, óvopnaða og friðsama andspyrnu sterkari í palestínsku samfélagi, með sniðgönguna að vopni og að sú aðferð sé heillavænlegust til árangurs til að stöðva hörmungarnar (Nakbah) sem dynja á þjóð þeirra. Það er því gild ástæða til að styðja sniðgönguna, hún er rétta svarið við ákalli kúgaðs samfélags um alþjóðlega samstöðu og aðstoð í baráttunni.

**Stuðlar að óróa nær og fjær**

Önnur ástæðan er sú, að hernámið heldur ekki aðeins áfram, það versnar dag frá degi. Við verðum að stöðva eyðileggingu Palestínu og Palestínumanna, fyrst og fremst vegna Palestínumanna sjálfra en einnig vegna Ísraela og Miðausturlanda og alls heimsins í raun. Hinn skelfilegi raunveruleiki Palestínu veldur uppnámi í múslima- og arabaheiminum og stuðlar að óróa nær og fjær.

Þriðja og síðasta ástæðan er að sniðganga er friðsöm aðgerð sem hver maður með sómakennd ætti að styðja, einnig þeir sem vilja ekki standa aðgerðalausir hjá og ósnortnir af þjáningum þjóðar sem hafa staðið í meira en eina öld. Við vitum of vel hvað er að gerast til að vera hlutlaus og láta sem við séum ómeðvituð um ástandið. Beiðnin til okkar er því sú að við notum sömu meðul sem gögnuðust suðurafrísku þjóðinni í baráttu hennar til að binda enda á aðskilnaðarstefnuna. Margir þeir sem upplifðu aðskilnaðarstefnuna í verki í Suður-Afríku, leiðtogar eins og Nelson Mandela og Desmond Tutu, hafa staðhæft að kerfislæg kúgun Ísraelsmanna sé mun skelfilegri en það sem þeir upplifðu á myrkustu tímum Apartheid. Sniðgangan bar árangur þar, hún ætti að bera árangur í Ísrael og Palestínu líka.

Ég er ísraelskur gyðingur og geri mér fulla grein fyrir áhrifamætti þess að hvetja til sniðgöngu og viðskiptabanns gegn ríki mínu. Ég hef búið í Ísrael allt mitt líf og er sannfærður um að réttindamálin þrjú, sem sniðgönguáætlunin gengur út á og þrýstir á Ísraela um að virða og uppfylla, séu heilög hverjum heiðvirðum manni burtséð frá trú þeirra eða þjóðerni. Þetta er líka ástæða þess að svo margir gyðingar út um allan heim styðja sniðgönguáætlunina. Það verður að verja rétt Palestínumanna á Vesturbakkanum og Gaza til að losna undan hernaðarlegri ánauð og ofbeldi, rétt Palestínumanna í Ísrael til að öðlast sömu borgaraleg réttindi og aðrir þegnar Ísraels og rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur heim. Við viljum því senda þau skilaboð að á meðan Ísrael virðir ekki þessi réttindi eru Ísraelar útilokaðir frá alþjóðasamfélaginu.

**Við vitum of vel hvað er að gerast til að vera hlutlaus og láta sem við séum ómeðvituð um ástandið. Beiðnin til okkar er því sú að við notum sömu meðul sem gögnuðust suður-afrísku þjóðinni í baráttu hennar til að binda enda á aðskilnaðarstefnuna.**

# Hvenær skila kjötinnflytjendur 3.000 milljónum króna til neytenda?



**Steinþór Skúlason**
varaformaður Landssamtaka sláturleyfishafa

Framkvæmdastjóri félags atvinnurekenda (FA) hefur gengið öðrum harðar fram í því að gagnrýna að ríkið bjóði upp tollkvóta sem leyfa tollfrjálsan innflutning kjöts meðal annars með nýjum tollasamningi við EB sem mun auka innflutt kjöt til landsins um nálægt 2.600 tn á ári.

Málflutningur FA hefur gengið út á að heildsalar vilja fá kvótana gefins því að þannig muni þeir skila ávinningi af þeim til neytenda sem núverandi kerfi geri ekki. Það má álasa undirrituðum að hafa ekki svarað fyrr þeirri rökleysu sem í málflutningi FA felst.

Uppboð á takmörkuðum gæðum, í þessu tilfelli innflutningskvóta, er mjög skilvirk og gegnsæ leið þar sem allir sitja við sama borð. Hver aðili býður það gjald sem hann telur að hann geti lagt á vöruna við sölu og því kaupendur á markaði sem að lokum greiða tilboðsgjaldið. Ríkissjóður fær gjaldið sem innflytjendur bjóða.

Það ætti öllum að vera ljóst að ríkissjóður er ekkert annað en samnefnari allra Íslendinga og þar með allra neytenda landsins. Núverandi fyrirkomulag tryggir því gegnsæi og hámarks skilvirkni og að allur ávinningur skilar sér til neytenda. Það er svo ríkisvaldsins að ákveða hvernig þessum ávinningi er komið til einstakra neytenda. Það má gera með því að lækka svokallaðan matarskatt, með því að efla heilbrigðiskerfið eða með annarri ráðstöfun sem nýtist almenningi í landinu.

Krafa Félags atvinnurekenda um að heildsalar verði að bjóða út innflutningskvóta er því krafa um að færa verulega fjármuni frá neytendum til heildsala.

Formgallar voru á framkvæmd útboða tollkvóta í nokkur ár og fyrirkomulagið dæmt sem ólögleg skattheimta. Vegna þess hefur ríkissjóður endurgreitt innflytjendum um 3.000 milljónir króna eins og fram kemur í fréttabréfi FA hinn 8. febrúar síðastliðinn. Þessar 3.000 milljónir eru neytendur landsins búnir að greiða innflytjendum í verði þeirra vara sem fluttar voru inn.

Það eru ekki allir innflytjendur félagsmenn í Félagi atvinnurekenda en flestir heildsalar eru það og má áætla að þeir hafi fengið a.m.k. helming þeirra 3.000 milljóna sem ríkissjóður og þar með neytendur landsins hafa endurgreitt innflytjendum.

Það hlýtur að vera brýnt verkefni framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda að sjá til þess að heildsalar í félagsskap hans endurgreiði neytendum þá miklu peninga sem þeir hafa fengið frá neytendum með endurgreiðslunum. Þetta má gera með ýmsum hætti en einfalt að endurgreiða ríkissjóði sem er fulltrúi allra neytenda landsins.

Ef þetta er ekki gert þá er skýrara en á björtum sumardegi að málflutningur Félags atvinnurekenda snýst ekki um hagsmuni neytenda heldur um hagsmuni heildsala.

**Það hlýtur að vera brýnt verkefni framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda að sjá til þess að heildsalar í félagsskap hans endurgreiði neytendum þá miklu peninga sem þeir hafa fengið frá neytendum með endurgreiðslunum.**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 25. MAÍ 2018

# Við erum öll svo falleg

Margrét Erla Maack er burlesque-drottning Íslands. Hún ver laugardögum í hópi kátra og berbrjósta kvenna og er á leið í stífan Evróputúr með dragdrottningunni Gógó Starr í sumar. →2



MYND/LILJA DRAUMLAND






Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➔

Ég er með rassinn og appelsínuhúðina hennar mömmu. Hún er sú kona sem ég elska mest í heiminum. Af hverju ætti mér þá að finnast hann ljótur? Mér finnst það þvert á móti yndisleg gjöf,“ segir Margrét Erla Maack, burlesque-drottning Íslands. Hún lærði þetta heilbrigða viðhorf í burlesqueheiminum og segist hafa þurft á því að halda.

„Maður fæðist ekki með sjálfsöryggi í farteskinu heldur er það stöðug æfing. Fullt af fólki og fyrirtækjum græða á því að okkur líði illa með sjálf okkur og oftar en ekki er reynt að selja mér eitthvað vegna þess að ég er ekki nógu góð. Það fær mann til að efast um manneskjuna í speglinum, þessa einu sem fylgir manni ævina út, en maður græðir ekkert á því að þykja ekki vænt um hana, alveg sama hvernig hún kemur og er.“

Margrét er fagureygð og málar augun til að draga fram fegurð þeirra.

„En það er sitt hvað að gera eitthvað til að draga fram góða eiginleika og að laga sig og fela, eins og með því að fara í aðhaldsbuxur til að minnka á sér rassinn. Mig langar alveg að kaupa mér tískufatnað í búðum en fötin passa bara ekki á mig. Þá getur verið niðurdrepandi að fara í mátunarklefann, en í stað þess að bugast hugsa ég: „Takk fyrir og bless! Ég ætla ekki að gefa þessari búð peningana mína. Þessir verslunareigendur eru ekki nógu klárir í viðskiptum til að skilja að konur eins og ég eiga mun meira fé en þær sem yngri eru og grennri.“ Á hverjum degi þarf ég að pæla í þessu og halda mér við því ég vil miðla þessu viðhorfi til dansnemenda minna sem eru stundum uppfullir af afsökunum um sjálfa sig, að þær séu of feitar, bakveikar eða gamlar, en þá spyr ég: „Hvenær er síðasti söludagur að geta lært eitthvað nýtt, svo ég geti nú örugglega gert það á meðan tími gefst til“.“

## Brjóstadúskarnir vinsælir

Margrét kennir burlesque-dans í Kramhúsinu og er stofnandi hins geysivinsæla Reykjavík Kabarett.

„Í níu af hverjum tíu gæsapartíum sem ég kenni er beðið um burlesque og flestar þrá þær að læra brjóstadúskatækni. Ég ver því laugardögunum í hópi kvenna sem allar eru á túttunum að sveifla brjóstadúskum í hláturskasti. Konur elska burlesque, að finna sinn eigin þokka og að máta sig ekki í fyrirfram gefnu formi. Þær eru farnar að gefa skít í komplexana sína, sem er dásamlegt að verða vitni að, og fyrir vikið verða þær enn þokkafyllri fyrir sjálfar sig, þótt öðrum sé velkomið að baða sig í ljóma þeirra líka.“

Viðurnefnið Burlesque-drottning Íslands festist við Margréti þegar hún var kynnt á svið sem slík á skemmtistaðnum Slipper Room í New York.

„Ég datt alveg óvart inn í þessa senu þegar ég sótti masterclass í magadansi í New York. Þegar heim kom aftur saknaði ég hennar mikið og sá gat í skemmtanasenu Reykjavíkur. Því gerði ég nokkrar fullorðinssýningar með Sirkus Íslands fyrstu árin en kúplaði mig út fyrir tveimur árum til að stofna Reykjavík Kabarett,“ útskýrir Margrét en uppselt hefur verið á allar sýningar kabarettsins hingað til. „Við verðum í Tjarnarbíói í sumar og gætum hæglega farið yfir í enn stærra rými vegna eftirspurnar en þá missum við mikilvæga nánd við áhorfendur því sjarminn felst líka í því að spila á salinn.“

Kabarettsýningar eru bannaðar börnum enda umfjöllunarefnið fullorðins.

„Burlesque-sýningar eru þokkafullar ásýndum og snúast um sjálfsöryggi því ekkert er eins þokkafullt og fólk sem er öruggt í eigin skinni, sama hvernig holdafarið er. Líkaminn er enda dásamlegt sköpunarverk og fallegur í öllum sínum myndum. Því þykir áhorfendum hressandi upplifun að horfa á kvenlíkamann fyndinn og sniðugan en ekki bara viðkvæman og sexí fyrir aðra en manneskjuna sem sýnir hann. Í burlesque er mikið um yfirlýsingar og einn af mínum uppáhalds skemmtikröftum er Hjössa, sterkur og brussulegur karakter Ragnheiðar Maísólar, í sexí hlébarðabikiníi og slær sér á magann og urrar. Það er kannski sjokkerandi fyrir marga en í senn bæði fyndið og fallegt.“

Dans hefur fylgt Margréti frá blautu barnsbeini. Hún æfði ballett frá sex ára aldri þar til hún varð átján ára, lengst af í Listdansskóla Íslands.

„Þar var miklu oftar sagt við mig að ég yrði aldrei dansari út af holdafari mínu og trúðu mér, ég var ekki svona þá. Ég hugsa reglulega um hvað þessir kennarar segðu í dag ef þeir vissu að dansinn væri mitt aðalstarf, því nú hef ég verið starfandi danskennari til fjórtán ára, er með vinsælar kabarettsýningar og dansa í Rocky Horror í Borgarleikhúsinu. Pressan á að vera grönn var mikil í ballettskólanum en sem betur fer hefur þetta breyst.“

## Aldrei þótt erfitt að bera sig

Sem burlesque-dansari fækkar Margrét fötum á sviði.



Hér má sjá Margréti Erlu fara á kostum í frækinni sýningu Reykjavík Kabaretts á Akureyri. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

„Mér hefur aldrei þótt það erfitt en er löngu hætt að vera í korsiletti því það er ómögulegt að dansa í því. Ég hef sannarlega verið mjög fáklædd á sviði þótt ég hafi séð léttklæddara fólk á Stóra sviði Þjóðleikhússins,“ segir Margrét sem í upphafi hafði áhyggjur af því að trekkja að dónakalla á kabarettsýningarnar.

„Það hafa tveir dónakallar komið en þeir bökkuðu út þegar þeir sáu fullan sal af kellingum á mínum aldri. Meirihluti áhorfenda eru konur sem vilja sjá aðrar konur njóta sín. Allir líkamar eru sýnilegir í burlesque, ekki bara mjóa, hvíta stelpan,“ útskýrir Margrét sem eftir sýningar fær oft að heyra að hún sé hugrökk vegna þess að hún þori að fækka fötum í sínum holdum.

„Auðvitað er það meint sem hrós, og ég tek allt hrós og set inn í hjartað, en þetta á til að fara öfugt ofan í mig. Er ég með svona óæskilegan líkama og mikla appelsínuhúð að ég ætti ekki að sjást? Ég svara því oftast að ég sé langt í frá hugrökk því úti sé fullt af hetjum að gera merkilegri hluti, en miklu fremur vildi ég fá hrós fyrir hversu atriðin mín voru falleg eða skemmtileg.“

Margréti liggur margt á hjarta þegar kemur að því að styrkja konur í gegnum burlesque.

„Það kom mér á óvart hversu breið flóra kvenna sótti í dansinn til mín og af mismunandi ástæðum. Sumar sögðust ekki hafa fallegan líkama og vildu læra að finna eigin þokka, aðrar sögðust ekki þekkja líkama sinn eftir barnsburð eða höfðu lent í erfiðum sambandsslitum og þurftu að klappa sér á bakið. Staðreyndin er sú að það er ekki til nein ein tegund af fegurð en það eru til margar leiðir að fegurðinni eins og sést berum augum þegar fólk býr til atriðin sín sem eru uppfull af frjósemi, hugmyndaauðgi og íslenskum húmor, sem er svo mikilvægt krydd,“ segir Margrét um unga og frjóa burlesquesenuna hér á landi.

„Íslenskt burlesque er á himinháu plani í samanburði við París og Berlín þar sem meirihlutinn snýst um hvítar, mjóar stelpur sem fara allar eins úr hönskunum. Við erum líkari New York-burlesque-i þar sem alls konar líkamar eru vegsamaðir og umfjöllunarefnin eru feminísk eins og líkamshár og blæðingar, stórar konur og fatlaðar, sem vilja auðvitað líka fá að vera sexí.“

## Fann ástina á Tinder

Í kabarettsýningum heimsins er algengast að konur sjái um skemmtiatriðin og fari úr fötum á meðan karlkyns kynnir fer ekki úr neinni spjör.

„Þessu langaði mig að breyta og fékk til liðs við mig Lalla töframann sem er sá besti og alltaf til í að fara úr fötunum. Við höfðum bæði unnið lengi í bransanum en gátum ekki alltaf gert allt sem við vildum því ég var alltaf ráðin á settlegar árshátíðir og hann í barnaafmæli. Nú getur Lalli farið úr buxunum til að sýna bestu spilin og prumpblaðra fær annan og meiri sess í boylesque-inu hjá Lalla,“ segir Margrét.

Það eru ekki bara konur sem stunda burlesque – karlmenn stunda boylesque og í sumar koma meðal annarra fram kærasti Margrétar, Tómas Steindórsson, sem bjó til atriði fyrir sína heittelskuðu þegar þau Gógó Starr náðu markmiðum sínum fyrir fyrirhugaðan Evróputúr.

„Atriðið er mjög fallegt en þar þegar hann prófaði atriðið á sýningu ætlaði allt um koll að keyra,“ segir Margrét um aðdráttarafl Tómasar sem á sviði kallar sig listamannsnafninu Kjöthöllin.

„Það er mikið kjöt á Kjöthöllinni og loks fann ég þann eina rétta. Ég hef lent í því áður að menn falli fyrir mér af því ég sé svo sniðug og skemmtileg en það hefur einmitt drepið samböndin þegar þeir þoldu ekki að ég væri sniðug og skemmtileg við aðra en þá. Tómas hefur gaman af þessu öllu og er minn helsti gagnrýnandi. Hann er oft spurður hvort honum þyki erfitt að ég dansi fáklædd á sviði en það þykir honum ekki frekar en mér þykir ekki erfitt að hann sé léttklæddur, sveittur og sexí að spila körfubolta. Ég á mig. Hann fær að vera með í því partíi.“

Þau Tómas fundu hvort annað á stefnumótaforritinu Tinder.

„Það fyrsta sem hann Tómas sagði var: „Guð minn góður! Ég trúi þessu ekki! Þú ert að „matcha“ við helsta aðdáandann þinn í Útsvari!“ Um leið var hann búinn að vinna mig og á fyrsta stefnumótinu horfðum við saman á Útsvar yfir risastóru blandi í poka og hann hefur ekki farið heim síðan,“ segir Margrét sæl.

Lengri útgáfa af viðtalinu er á frettabladid.is. Sjá úrval sýninga sumarsins á reykjavikkabarett.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

Menntaskólinn í Kópavogi - #mklífið

Hjartað slær í MK

Þekking - Þoski - Þóun - Þátttaka

STÚDENTSNÁM:
• Alþjóðabraut
• Félagsgreinabraut
• Raungreinabraut
• Viðskiptabraut
• Opin braut
• Framhaldsskólabraut

GRUNNDEILD MATVÆLA OG FERÐAGREINA:
• Bakari
• Framreiðslumaður (þjónn)
• Kjötiðnaðarmaður
• Matreiðslumaður (kokkur)
eða starfa í ferðaþjónustu

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS OG Á FACEBOOK SÍÐU SKÓLANS
INNRITUN STENDUR YFIR TIL 8.JúNí

Menntaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4000

#mklífið



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN

# NÝJAR VÖRUR FYRIR SÓLINA OG RIGNINGUNA

Mikið úrval af fatnaði í stærðum 14-28 eða 42-56
Vertu velkomin í verslun okkar að Fákafeni 9
eða pantaðu í vefverslun www.curvy.is



























AFGREIÐSLU TÍMAR Í VERSLUN CURVY - FÁKAFENI 9

Alla virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Bjóðum uppá fría sendingu hvert á land sem er

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Netflix framleiðir af krafti

Streymisveitan Netflix ætlar að eyða átta milljörðum dollara í nýtt efni á árinu og gefa út hundruð titla. Um 85% af eyðslu fyrirtækisins fer í framleiðslu á eigin efni, sem mesta áherslan er lögð á.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Um 85% af nýrri eyðslu Netflix fer nú í að framleiða nýtt efni fyrir streymisveituna, segir yfirumsjónarmaður efnis á Netflix, Ted Sarandos.

Á þessu ári stendur til að setja alls átta milljarða dollara í nýtt efni. Ekki var gefið upp hvernig sá kostnaður skiptist á milli efnis sem Netflix kaupir sýningarrétt að og þess sem veitan framleiðir sjálf, en meirihlutinn fer í eigin framleiðslu.

Í lok ársins verður Netflix með um eitt þúsund titla sem koma frá veitunni sjálfri, en tæpur helmingur af þeim titlum verður frumsýndur fram að áramótum, samkvæmt Sarandos. Hann sagði líka að meira en 90 prósent viðskiptavina Netflix horfi reglulega á efni sem veitan framleiðir sjálf.

## Margt spennandi á leiðinni

Netflix hefur tilkynnt ýmislegt spennandi upp á síðkastið. Nýlega var gerður samningur við Óskarsverðlaunahafann Guillermo del Toro sem ætlar að búa til hryllingsþáttaröð, Barack og Michelle Obama, fyrrverandi forsetahjón Bandaríkjanna, eru að framleiða efni fyrir veituna, Matt Groening, höfundur The Simpsons og Futurama, er að fara að byrja með nýjan þátt á Netflix og Michael Bay, Ryan Reynolds og handritshöfundar Deadpool eru að gera kvikmynd saman fyrir Netflix, svo fátt eitt sé nefnt. Þannig að það eru mörg spennandi verkefni fram undan, bæði stór og lítil, sem áskrifendur geta hlakkað til.

„Höfundarnir sem við erum að tala við horfa á Netflix og vilja vera á stöðinni okkar,“ segir Sarandos. „Við tryggjum okkur þetta efni með því að hafa gott orðspor meðal listamanna, vera með vörumerki sem fólk vill vera tengt við og skila reglulega góðu efni.“

Netflix hefur gert stóra samninga við afkastamikla höfunda sjónvarpsþátta, eins og Ryan Murphy, sem er á bak við American Crime Story, American Horror Story og Nip/Tuck og Shona Rhimes, sem er á bak við Grey's Anatomy og Scandal. Það sem dregur slíka höfunda að Netflix er að þeir geta prófað sig áfram í ólíkum verkefnum án þess að þurfa að hafa áhyggjur af áhorfstölum.

Sarandos segir að fleiri slíkir höfundar gætu gengið til liðs við veituna og fyrirtækið sé að leita að fólki sem vill búa til hágæða efni sem hefur menningarlega skírskotun.

Alls ætlar Netflix að gefa út 80 kvikmyndir í ár, af mismunandi stærðargráðum. Þó sumar þeirri fái kannski takmarkaða athygli horfa samt sem áður milljónir á þær, þannig að lítil verkefni finna stóran áhorfendahóp inni á Netflix.

## Græða mest á eigin efni

Netflix leggur mesta áherslu á að framleiða sitt eigið efni því það skilar meiri gróða en að kaupa sýningarrétt á efni frá sjónvarpsstöðvum og kvikmyndafyrirtækjum og af því að það er gert ráð fyrir að önnur stór fjölmiðlafyrirtæki setji á endanum aukinn kraft í sínar eigin streymisveitur.

Sarandos sagði einmitt að hann væri hissa á hvað það hefur tekið Disney langan tíma að koma sinni eigin streymisveitu í gang, en hún fer í gang á næsta ári og þá hætta Disney kvikmyndir að fara inn á Netflix.



Ted Sarandos með aðalleikurunum í The Crown, Claire Foy og Matt Smith. Netflix framleiðir The Crown, sem eru mjög vinsælir þættir. NORDICPHOTOS/GETTY



Matt Groening skapaði The Simpsons og Futurama og er að gera nýjan þátt, Disenchantment, fyrir Netflix. NORDICPHOTOS/GETTY



Barack og Michelle Obama eru að gera efni fyrir Netflix. NORDICPHOTOS/GETTY

NÝTT Í TÍSKUNNI
Mikið úrval af vönduðum bómullar skyrtum

Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
WEEKEND MaxMara
ETERNA

# Ráð gegn svefnleysi

Sumir glíma við þann vanda að geta ekki sofið, bæði í skemmri og lengri tíma. Hér eru nokkur ráð sem gætu hjálpað.

- Svefnherbergið þarf að vera hljóðlátt, þægilega svalt og dimmt og rúmið ætti bara að vera notað til að sofa í (eða stunda kynlíf). Ekki fara í bólið fyrr en syfjan kemur og geymdu tölvur og snjallsíma í öðru herbergi.
- Ef þú liggur andvaka í hálftíma geturðu prófað að standa upp og gera eitthvað rólegt sem þarf ekki sterka birtu í 40 mínútur. Þá skaltu aftur reyna að sofna og ef það virkar ekki endurtekurðu leikinn. Farðu á fætur á venjulegum tíma og endurtaktu þetta næstu nótt. Flestir finna svefninn skána á 7 til 10 dögum.
- Reyndu að halda þig frá koffíni, nikótíni og áfengi á kvöldin. Þetta truflar svefninn og minnkar gæði hans.
- Magnesíum getur hjálpað, því það vinnur gegn streituhormónum, hjálpar við vöðvaslökun og binst við boðefnið GABA, rétt eins og svefnlyf.
- Um það bil tvær og hálf klukkustund af hreyfingu á viku ætti að bæta svefninn, en gefðu líkamanum 3-4 klukkustundir til að jafna sig eftir æfingu áður en þú reynir að sofna.
- Svefnlyf geta svo gagnast þeim sem glíma við langvarandi svefnleysi, en þau geta verið ávanabindandi og valdið aukaverkunum, svo það ætti að nota þau varlega.



Svefnleysi getur skert lífsgæði verulega og valdið ýmsum kvillum. En það eru til ráð sem geta hjálpað. NORDICPHOTOS/GETTY

» Svefnherbergið þarf að vera hljóðlátt, þægilega svalt og dimmt.

# Appelsínusalat með hnetum

Þetta er ferskt og sumarlegt salat sem er ótrúlega gott með kjúklingaréttum. Það er sólskin í þessu salati og fullt af hollum og góðum vítamínum.

**3 appelsínur**
**2 blóðappelsínur**
**1 grape**
**1 granatepli**
**Fersk minta**
**Klettasalat**
**2 msk. pistasíur, smátt skornar**
**2 msk. valhnetur, smátt skornar**
**2 msk. hunang**

Takið börkinn af appelsínum og grape-ávextinum. Skerið í sneiðar og raðið fallega á stóran disk. Bætið klettasalati og mintu yfir. Dreifið hnetunum og granateplakjörnum yfir salatið. Setjið hunang yfir ef þið viljið en má sleppa.



Frábært salat með kjúklingi.



# Hollur og góður grænkálsbotn

Hvernig væri að hvíla hveitið og búa til pitsubotn úr grænkáli? Grænkálið er hitaeiningasnautt og afar góð uppspretta A-, B- og C-vítamína auk þess sem slíkur pitsubotn fer betur í maga flestra en hveitibotninn.

Um 9 tommu pitsa

**110 g grænkál, skolið og skerið stilk frá**
**2 egg**
**⅔ bolli gott brauðrasp**
**1 bolli rifinn ostur**
**Salt og pipar**

Hitið ofninn á 180 gráður. Setjið grænkálið í matvinnsluvél í smá stund. Bætið út í eggjum, osti brauðraspi og salti og pipar. Vinnið þar til þetta líkist pitsudeigi. Setið deigið á bökunarpappír og notið lófa og fingur til að fletja út deigið þar til það er um 20 cm breitt. Bakið í 15-20 mín. eða þar til botninn er stökkur. Takið út og setjið pitsusósu, pitsuost og það álegg sem hver vill. Setjið aftur í ofn og bakið þar til pitsan er tilbúin. Berið fram heita með t.d. grænu salati, parmesan-osti og hvítlauksolíu.



Dökkt súkkulaði er enn betra fyrir mannfólk en áður var talið.

# Dökkt súkkulaði allra meina bót

Hver vill ekki afsökun til að borða meira af dökku súkkulaði? Nýjustu rannsóknir benda til þess að það sé enn meiri heilsufarslegur ávinningur af því að innbyrða kakó en áður var talið. Rannsóknir sem kynntar voru á ráðstefnunni Experimental Biology 2018 í San Diego á dögunum sýna að súkkulaði með að lágmarki 70% kakóinnihaldi hefur jákvæð áhrif á streitu, bólgur, skapsveiflur, minni og ónæmiskerfið. Þetta er fyrsta rannsókn sinnar tegundar sem gerð er á mönnum til að athuga áhrif kakós á vitsmunalega líðan, hjartaheilsu og hormónabúskap en fram að þessu hafa rannsóknir einkum beinst að áhrifum sykurinnihalds súkkulaðis á þessa þætti.

Rannsóknirnar sýna að því meira kakó sem er í súkkulaðinu því jákvæðari eru áhrifin á þætti eins og skilning, minni og andlega líðan. Fleiri rannsóknir eru í bígerð til að kanna áhrif kakós á andlega og líkamlega vellíðan og velferð en ljóst má þykja að rannsóknir þessar styðja mjög við þá eindregnu ákvörðun sumra að innbyrða dökkt súkkulaði að minnsta kosti daglega.



# Langar þig út að hlaupa?

**Það erfiðasta við að byrja hlaup er að koma sér upp úr sófanum og reima á sig hlaupaskóna. Margir drífa sig ekki út vegna þess að þeir nenna ekki í æfingagallann. En það eru til einfaldar ráðleggingar til að koma fólki í hlaupagírinn.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Með ákveðnu markmiði og skipulagi er auðveldara að setja á sig hlaupaskóna. Hér eru nokkur góð ráð. Byrjið á því að setja ykkur markmið til að fara eftir. Ágætt er að gera æfingaplan. Samt þarf að byrja hægt og hlaupa rólega í fyrstu.

Takið til æfingafötin sem væntanlega liggja inni í skáp þegar þið ákveðið að hefja hlaup. Leggið fötin á stól þar sem þau eru tilbúin þegar þið komið heim úr vinnu eða skóla. Útrýmið neikvæðum afsökunum úr huganum eins og að maður sé of þreyttur til að hlaupa eða eitthvað þess háttar. Ef þú ætlar að hlaupa á bretti í líkamsræktarsal farðu beint þangað eftir vinnu. Það er mun hentugra en að fara fyrst heim enda er þá meiri hætta á að festast í einhverju öðru.

### Gott að hafa hlaupafélaga

Ef þú ætlar út að hlaupa þegar þú kemur heim úr vinnunni farðu þá strax í hlaupafötin. Samviskan leyfir ekki annað en að svitna svolítið þegar þú ert kominn í gallann. Fyrir marga er gott að eiga félaga sem hleypur með manni jafnvel þótt ekki sé mikið talað á hlaupunum. Það er hvetjandi að hafa einhvern með sér og rekur á eftir því að fólk hreyfi sig.

Ef þú ert að fara að hlaupa í fyrsta skipti skaltu fyrst taka einn tíma hjá sjúkraþjálfara til að læra ýmsar reglur sem nauðsynlegt er að kunna og sömuleiðis eitt og annað sem þarf að forðast. Það getur nefnilega verið auðvelt að meiða sig á hlaupum ef maður ber sig ekki rétt að. Auk þess ætti að huga að líkamsástandi áður en hlaupið er af stað. Fyrst í stað á einungis að hlaupa stuttar vegalengdir en lengja þær smátt og smátt eftir því sem hlauparinn nær betri árangri.

Það er ekki gott að taka of löng skref á hlaupum né heldur að halda öxlunum uppi eins og sumir gera. Þess vegna er nauðsynlegt að fá góð ráð með eigin hlaupastíl. Meðal annars þarf maður að vita hvernig á að hafa höfuðið á hlaupum og sömuleiðis hendur. Ekki hentar öllum það sama.

### Ganga og hlaup

Hlaupið getur tekið á fyrst og þess vegna er ágætt regla að hlaupa og ganga til skiptis meðan þolið er byggt upp. Það minnkar hættuna á meiðslum. Því betur sem þú þjálfar fæturna í hlaupum þeim mun betri árangri nærðu. Margir reyndir hlauparar ganga og hlaupa á víxl.

Ef þér líður ekki vel á hlaupinu skaltu fara heim eftir tíu mínútur. Ef þér tekst ekki að hita upp í tíu mínútur ættir þú að huga að annarri líkamsrækt. Kannski hentar þér ekki að hlaupa. Mundu að lítil hreyfing er þó betri en engin.

Hafa skal í huga að mikill þungi hvílir á fótum, hæl, hné, mjöðmum og baki þegar fólk hleypur. Þess vegna er afar mikilvægt að vera í góðum hlaupaskóm með höggdeyfingu. Best er að fá leiðsögn í sérverslunum með hlaupaskó. Réttir skór gera þig að betri hlaupara. Þeir sem eru að byrja í hlaupi ættu að æfa annan hvern dag, gefa líkamanum frí á milli. Ofþjálfun fer illa með líkamann. Athugið að nauðsynlegt er að teygja vel eftir hlaup. Þegar fólk er orðið þokkalega gott í hlaupi og ætlar að taka þátt í keppni eða maraþoni þarf að æfa í hvernig veðri sem er.

Hlaup eru ódýr íþrótt, einungis þarf að fjárfesta í skóm og íþróttafötum en það kostar ekkert að fara út að hlaupa.



Það verður enginn góður hlaupari nema byggja sig upp og æfa. Það þarf samt að fara rólega fyrst til að forðast meiðsli. NORDICPHOTO/GETTY






Góð og holl fæða er nauðsynleg fyrir hlaupara.

## Mataræði hlaupara

Þeir sem gera hlaup að lífsstílsvenju þurfa að huga að mataræðinu. Til að halda orkunni í jafnvægi er mikilvægt að velja góð hráefni því líkaminn brennir miklu á hlaupum. Þótt margir vilji forðast kolvetni þá eru þau engu að síður mikilvæg fyrir hlaupara. Rótargrænmeti er mjög gott, hafrar og kínóa.

Nauðsynlegt er að auka inntöku á prótíni í máltíðum en það gefur vítamín, steinefni og aðra næringu sem er nauðsynleg. Eitt soðið egg er góður kostur fyrir hlaup. Borða skal tveimur klukkustundum áður en hlaupið hefst. Máltíðar ætti að neyta stuttu eftir hlaupið.

- Morgunmatur ætti að samanstanda af hafragraut með mjólk og bláberjum. Eitt soðið egg.
- Á milli mála er gott að fá sér kotasælu með epli og kanil.
- Hádegismatur gæti verið kjúklingabringa, wok-grænmeti og hnetur.
- Ávexti eins og mangó er gott að borða á milli mála.
- Kvöldmaturinn gæti þá verið lax, soðnar kartöflur, spergilkál og smá olía.

Hlauparar ættu alltaf að hafa vatn við höndina, að minnsta kosti ef hlaupið er í klukkustund eða lengur.

Þjálfunin verður að vera samsetning æfingar, hvíldar og góðs mataræðis svo hægt sé að byggja líkamann upp til framtíðar.

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝIR BÍLAR**
TOYOTA Yaris HYBRID. Árgerðir 2018, sjálfskiptur. Eigum bíla á staðnum. Verð 2.590.000.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



VOLVO S40 se 2,4 140hö. Árgerð 2008, ekinn 140 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.650.000. Rnr.992595.~~Tilboð nú kr: 1.350.000,-~~



HYUNDAI I20 classic. Árgerð 2013, ekinn 52 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.450.000. Rnr.992656. Tilboð nú kr: 1.190.000,-



SKODA Octavia limo ambiente 140hp. Árgerð 2012, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 1.950.000. Rnr.320939. Tilboð nú kr: 1.590.000,-



KIA Sportage. Árgerð 2005, ekinn 105 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 4 gírar. Verð 990.000. Rnr.340215. Tilboð nú kr: 750.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

SPA R bíll



Renault Kangoo Maxi ( Langur ) ekinn aðeins 31.000 km. Hægt að leggja niður framsæti til að koma fyrir lengri hlutum. Frábær vinnubíll á aðeins 1.790.000 án vsk.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**






## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 100-200þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur og klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RETTA- BOKHALDSÞJONUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf



**SÝNING**
á rafmagnshjólum í Súðavogi 44. Rvk.
**Laugardaginn 26. maí.**
Frá kl 12:00 til 18:00
**Verð frá 295.000 kr.**

## Skemmtanir







Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar




**LAGERSALA 30-70% AFSLÁTTUR !**
Úrval af girðingaefni til sölu. ÍsBú Síðumúla 29, inngangur að neðanverðu. S. 5629018

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Vantar starfsmann í málningarvinnu í sumar. Annað hvort lærðan málara eða sem hefur unnið eitthvað í húsamálun. Upplýsingar í sima 697-9000 Kristján eða litbrigdi@litbrigdi.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR- LAGERSTARFSMENN**
Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444




## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

### Allt að 520 þúsund rúmmetra efnistaka við Eyri í Reyðarfirði

Fjarðabyggð hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um allt að 520.000 $m^3$ efnistöku á hafsbotni við Eyri í Reyðarfirði.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **26. maí til 9. júlí 2018** á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **9. júlí 2018** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.


# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

**Bryndís**
**GSM: 773 7400**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF





# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is


SUMAR
BRAGÐ!
NÝTT!
WRIGLEY'S
Extra®
x25
APPLE
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi



Sara Björk Gunnarsdóttir liggur sárþjáð á vellinum í úrslitaleik Wolfsburg og Lyon í Meistaradeild kvenna í knattspyrnu í Kiev í gær. Sara Björk þurfti að hætta leik vegna þeirra meiðsla sem hún varð fyrir og horfa upp á liðsfélaga sína tapa með fjórum mörkum gegn einu eftir framlengdan leik. NORDICPHOTOS/GETTY

# Slæmur endir á góðu tímabili

**Wolfsburg mistókst að fullkomna gott tímabil með sigri í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu kvenna. Liðið tapaði fyrir Lyon í úrslitaleik keppninnar gær, en Sara Björk fór meidd af velli eftir tæpan klukkutíma.**

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir spilaði úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu fyrst Íslendinga þegar lið hennar, Wolfsburg, atti kappi við Lyon í Kænugarði í gær. Leikurinn hlaut leiðinlegan endi fyrir Söru Björk, auk þess sem úrslitin voru henni ekki að skapi. Sara Björk var studd meidd af velli eftir tæplega klukkutíma leik og Lyon hafði betur með fjórum mörkum gegn einu eftir framlengdan leik.

Mikið álag hefur verið á leikmönnum Wolfsburg undanfarið, en liðið spilaði framlengdan bikarúrslitaleik gegn Bayern München síðastliðinn laugardag. Álagið virtist hafa þó nokkur áhrif á leikmenn Wolfsburg, en þýska liðið þurfti að gera þrjár skiptingar vegna meiðsla.

Staðan var markalaus eftir venjulegan leiktíma og því þurfti að framlengja leikinn. Wolfsburg hóf raunar framlenginguna af miklum krafti, en Pernille Harder kom liðinu yfir þegar hún skoraði áttunda mark sitt í keppninni á yfirstandandi leiktíð.

Þegar leið á framlenginguna virtist síðan sem búið væri á tankinum hjá leikmönnum þýska liðsins og leikmenn Lyon gengu á lagið. Það bætti ekki úr skák fyrir Wolfsburg að liðið lék einum leikmanni færri lungann úr framlengingunni þar sem Alexandra Popp var áminnt með gulu spjaldi í annað skipti og þar af leiðandi vísað af velli með rauðu spjaldi í upphafi fyrri hluta framlengingarinnar.

Amandine Henry, Eugenie Le Sommer og Ada Hegerberg breyttu stöðunni í 3-1 með mörkum sínum á sex mínútna kafla undir lok fyrri hluta framlengingarinnar. Hegerberg skoraði þarna sitt fimmtánda mark í keppninni á leiktíðinni, en hún stóð uppi sem markahæsti leikmaður keppninnar.

> **6**
> Sara skoraði sex mörk í keppninni á leiktíðinni.

Camille Abily rak svo síðasta naglann í líkkistu Wolfsburg þegar hún skoraði fjórða mark Lyon undir lok leiksins. Abily skoraði þar af leiðandi sex mörk í keppninni á tímabilinu líkt og Sara Björk og deila þær því bronsskónum.

Þetta er sorglegur endir á annars afar góðu keppnistímabili hjá Söru Björk og liðsfélögum hennar hjá Wolfsburg sem urðu tvöfaldir meistarar heima fyrir. Lyon hefur nú unnið keppnina þrjú ár í röð, og liðið enn fremur borið sigur úr býtum í keppninni oftast allra liða, eða fimm sinnum. Wolfsburg var hins vegar í leit að sínum þriðja Meistaradeildartitli eftir að hafa unnið keppnina árin 2013 og 2014.

Sara Björk hafði fundið fyrir eymslum í hásin fyrir leikinn. Það voru þau hásinarmeiðsli sem urðu til þess að hún neyddist til þess að yfirgefa völlinn, en hásinin var trosnuð og sem betur fer ekki slitin.

Næsta verkefni Söru Bjarkar er með íslenska kvennalandsliðinu, en liðið á mikilvægan leik fyrir höndum í undankeppni HM 2019. Ísland mætir Slóveníu á Laugardalsvellinum 11. júní, en ekki er ljóst hversu alvarleg meiðsli Söru Bjarkar eru og óljóst hvort hún verði klár í tæka tíð fyrir þann leik. Sigur í þeim leik fleytir íslenska liðinu á topp riðils síns og setur liðið í góða stöðu fyrir toppslag riðilsins gegn Þýskalandi næsta haust.

hjorvaro@frettabladid.is

# Mikill léttir þegar ég fékk að æfa aftur með bolta

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson gat tekið þátt í hluta landsliðsæfingar Íslands á Laugardalsvelli í gær en hann er að snúa aftur eftir tíu vikna fjarveru vegna erfiðra hnémeiðsla. Hann var einn níu leikmanna sem komu til móts við landsliðshópinn í gær og er hann vongóður um að geta tekið fullan þátt í æfingu á næstu dögum til að byggja upp leikformið. „Tilfinningin er bara nokkuð góð, það er búið að ganga vel síðustu daga og ég get vonandi æft af fullum krafti með strákunum á næstu dögum. Það er gott að vera kominn heim og geta hafið undirbúninginn,“ sagði Gylfi sem er nýfarinn að sparka í bolta á ný. „Það léttir yfir manni að fá að æfa með bolta aftur síðustu daga. Ég finn aðeins fyrir meiðslunum enn en ég veit að það er skammt í að ég geti farið á fullt.“

Hluti endurhæfingarinnar fór fram í Bandaríkjunum en hann fékk Friðrik Jónsson, sjúkraþjálfara landsliðsins, með sér í för til að aðstoða við endurhæfinguna. „Það var gott að fá að skipta aðeins um umhverfi og að halda áfram með endurhæfinguna við frábærar aðstæður. Ég fékk Frikka til að koma með mér og það gekk afar vel.“ Á laugardaginn eru tvær vikur í að liðið fari út og þrjár vikur í fyrsta leik gegn Argentínu. „Heimsmeistaramótið hefur haldið manni gangandi og jákvæðum undanfarnar vikur, við höfum verið að horfa fram á við en það styttist í mótið. Sem betur fer er enn smá tími fyrir mig og aðra til að komast aftur í betra leikform áður en flautað verður til leiks.“ – kpt



Gylfi var sýnilega hæstánægður með að vera kominn aftur á æfingu með íslenska landsliðshópnum á Laugardalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## 22 DAGAR í HM



**Jón Daði Böðvarsson**

**Aldur:** 26 ára
**Staða:** Framherji
**Félag:** Reading
**Landsleikir:** 36/2

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Breiðablik - ÍBV 1-0**

1-0 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (16.)

**Stjarnan - Grindavík 2-3**

1-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (10.), 1-1 María Sól Jakobsdóttir (12.), 1-2 Rio Hardy (33.), 2-2 Katrín Ásbjörnsdóttir (49.), 2-3 Rio Hardy (69.)

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 12 | KR | 3 |
| Þór/KA | 12 | FH | 3 |
| Valur | 9 | HK/Víkingur | 3 |
| ÍBV | 6 | Selfoss | 3 |
| Stjarnan | 6 | Grindavík | 3 |

## HK tyllti sér í toppsætið

**FÓTBOLTI** HK komst á topp Inkassodeildar karla í knattspyrnu með 3-1 sigri á Þrótti í fjórðu umferð deildarinnar í gærkvöldi. Það voru Bjarni Gunnarsson, Kári Pétursson og Ásgeir Marteinsson sem skoruðu mörk HK í leiknum, en Aron Þórður Albertsson lagaði stöðuna fyrir Þrótt.

HK hefur tíu stig á toppi deildarinnar og er einu stigi á undan ÍA sem mætir Njarðvík á Akranesi í kvöld og getur endurheimt toppsætið með sigri í þeim leik. Þróttur hefur hins vegar fjögur stig eftir fyrstu fjóra leiki sína í deildinni í sumar.

Þá náði Leiknir Reykjavík í sín fyrstu stig í deildinni í sumar þegar liðið hafði betur með þremur mörkum gegn einu í nágrannaslag gegn ÍR. Sævar Atli Magnússon, Anton Freyr Ársælsson og Sólon Breki Leifsson sáu til þess að Leiknismenn ganga hnarreistir um Breiðholtið næstu dagana. Björgvin Stefán Pétursson lagaði hins vegar stöðuna fyrir ÍR-inga. – hó

## Undir pari eftir fyrsta hringinn

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, atvinnukylfingur úr GR, lék fyrsta hringinn á Volvik-meistaramótinu í golfi á LPGA-mótaröðinni á einu höggi undir pari. Fékk hún tvo fugla, einn skolla og fimmtán pör á hringnum. Sló Ólafía vel af teig og hitti brautirnar vel en hún hitti tólf af fjórtán brautum í upphafshögginu á hringnum. Þá voru innáhöggin góð, hún hitti flötina í fjórtán skipti í átján tilraunum. Er þetta ellefta mót Ólafíu á árinu og síðasta mótið áður en Opna bandaríska meistaramótið hefst um næstu helgi sem er eitt af fimm risamótum ársins. Fer hún aftur af stað á morgun en niðurskurður er eftir annan hring. – kpt



# LÁTUM SKYNSEMINA RÁÐA

# X-M


Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Miðflokksins


Vigdís Hauksdóttir
X-M Reykjavík


Geir Þorsteinsson
X-M Kópavogur


María Grétarsdóttir
X-M Garðabær


Sigurður Þ. Ragnarsson
X-M Hafnarfjörður


Sveinn Óskar Sigurðsson
X-M Mosfellsbær


Helga K. Jónsdóttir
X-M Akranes


Hlynur Jóhannsson
X-M Akureyri


Hannes Karl Hilmarsson
X-M Fljótsdalshérað


Rúnar Már Gunnarsson
X-M Fjarðabyggð


Tómas Ellert Tómasson
X-M Árborg


Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir
X-M Grindavík


Margrét Þórarinsdóttir
X-M Reykjanesbæ

## SETJIÐ X VIÐ M Á KJÖRDAG FYRIR SKYNSAMLEGAR LAUSNIR

**MIÐFLOKKURINN**



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og jarðarför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Fjólu Pálsdóttur**

Heiðargerði 42,
Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum 10. apríl síðastliðinn.

**Pálmar Kristinsson** **Hallfríður Frímannsdóttir**
**Halldór Kristinsson**
**Gunnar S. Kristinsson** **Gréta Vigfúsdóttir**
**Sævar Kristinsson** **Ólöf Kristín Sívertsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingibjörg Karlsdóttir**
**(Inba Kalla)**

áður til heimilis að
Selvogsgötu 13, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði miðvikudaginn 9. maí. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 28. maí kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurbjörg Hilmarsdóttir** **Guðmundur Björnsson**
**Sigrún Hilmarsdóttir** **Kristján Hringsson**
**Jónas Hilmarsson** **Ágústa Ragnarsdóttir**
**Guðríður Hilmarsdóttir** **Gunnar Ólafur Eiríksson**
**Ágústa Guðný Hilmarsdóttir** **Valur Helgason**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jón Þórarinn Sveinsson**

tæknifræðingur og fyrrverandi
forstjóri Stálvíkur, Garðabæ,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 18. maí. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 31. maí nk. kl. 13.

**Þuríður Hjörleifsdóttir**
**Þórunn Jónsdóttir** **Jóhannes T. Halldórsson**
**Sveinbjörg Jónsdóttir** **Gunnar Jóhann Birgisson**
**Jón Þórarinn, Hulda Steinunn og Jón Björgvin**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Halldóra Sigurjónsdóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður að Sjafnargötu 12, Reykjavík,

lést á Hrafnistu að morgni 23. maí. Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju fimmtudaginn 7. júní kl. 13.00.

**Edda G. Björgvinsdóttir**
**Birgir Björgvinsson** **Ásta Edda Stefánsdóttir**
**Áslaug Högnadóttir** **Páll Haraldsson**
**Andri Björn Birgisson** **Johanna Velásquez**
**Brynja Dóra Birgisdóttir** **Ragnar B. Ragnarsson**
**Týr Fáfnir Stefánsson**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Gunnarsson**

Hraunbæ 66,
Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 19. maí. Útför hans fer fram frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 30. maí klukkan 13.

**Gunnar Kristjánsson** **Oddný Bára Ólafsdóttir**
**Unnur Kristjánsdóttir** **Þórir Björgvinsson**
**Sigríður Kristjánsdóttir** **Guðmundur Hilmarsson**
**Páll Kristjánsson** **Sinéad McCarron**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Snæfríður kominn með bókina í hendur en hún byrjaði að fara til Tenerife fyrir um fimm árum í gegnum íbúðaskipti.**

# Heillaðist af eyjunum

## Út er komin ferðamannahandbókin Ævintýraeyjan Tenerife eftir Snæfríði Ingadóttur en þetta er fyrsta bókin á íslensku um eyjuna sem Íslendingar eru svo sólgnir í. Þetta er önnur bókin hennar á þessu vori og sú sjöunda alls.

„Ég veit ekki betur en að þetta sé fyrsta bókin á íslensku um Kanaríeyjar sem hefur verið uppáhalds áfangastaður Íslendinga í öll þessi ár. Það eru ekki margar ferðamannahandbækur á íslensku,“ segir Snæfríður Ingadóttir sem hefur gefið út bókina Ævintýraeyjan Tenerife, stór ævintýri á lítilli eyju.

Bókin er 144 blaðsíður og er uppfull af fróðleik og skemmtilegum hugmyndum að ýmsu áhugaverðu sem vert er að skoða og upplifa á Tenerife. Snæfríður hóf að venja komur sínar til Kanaríeyja fyrir um fimm árum í gegnum íbúðaskipti en hún er einmitt nýbúin að gefa út bók um þann valkost. „Þetta er sjöunda bókin sem ég gef út, önnur á þessu vori og sú fyrsta sem er á íslensku um Tenerife að því er ég best veit,“ segir hún kát.

Kanaríeyjar eru sjö talsins en Snæfríður og fjölskylda hennar hafa heillast sérstaklega af Tenerife og ætla þau að dvelja þar allan næsta vetur. „Börnin fara í skóla og við hjónin ætlum að læra spænsku og lenda í ævintýrum,“ segir Snæfríður og heldur áfram: „Undanfarin fimm ár höfum við alltaf farið til Kanaríeyja í minnst mánuð í einu. Við byrjuðum að fara í gegnum íbúðaskipti sem er sérlega hagstætt fyrir barnafólk því þá er ekkert greitt fyrir gistingu. Á þessum ferðalögum höfum við gist á öðrum stöðum en hinn venjulegi ferðamaður og erum oftast innan um heimamenn. Þá höfum við líka oft fengið skemmtileg tips frá heimamönnum á þessum ferðalögum okkar. Handbókin um Tenerife er byggð á þessum upplifunum okkar og segir frá því sem mér finnst vert að deila áfram til annarra Íslendinga sem vilja upplifa pýramída, regnskóg, góðar gönguleiðir, flóamarkaði, náttúrulaugar og annað skemmtilegt sem þessi eyja hefur upp á að bjóða.“

**benediktboas@365.is**




**Leyndardómar Tenerife eru kynngimagnaðir og ekki allir sem njóta hennar til fulls.**




**Bókin er sú fyrsta á íslensku um Tenerife.**

# ÚTSKRIFTARGJÖFIN




Ljóðasafn - Jón úr Vör (2 bindi)
**VILDARVERÐ: 7.999.-**
Verð: 9.899.-




Handbók um minni og gleymsku
**TILBOÐSVERÐ: 2.499.-**
Verð áður: 4.999.-




Nýja tilvitnanabókin
**TILBOÐSVERÐ: 2.499.-**
Verð áður: 5.999.-







Ferðataska Cabin XS
**VILDARVERÐ: 10.499.-**
Verð: 14.999.-

Snyrtivörutaska úr leðri
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-









3D lampar
**VILDARVERÐ FRÁ: 10.499.-**
Verð frá: 14.999.-

Skipulagstaska
**VILDARVERÐ: 4.199.-**
Verð: 5.999.-




Visual Atlas of The World
**VILDARVERÐ: 11.199.-**
Verð: 15.999.-




Eddukvæði í öskju
**TILBOÐSVERÐ: 6.599.-**
Verð áður: 7.261.-



Grágás
**TILBOÐSVERÐ: 7.599.-**
Verð áður: 10.373.-




Handtaska úr leðri
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 27. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.




**195**
kr. 2 l

**Pepsi og Pepsi Max**
2 lítrar




**898**
kr. 500 g

**Bláber**
500 g, Spánn



**498**
kr. 454 g

**Jarðarber Box**
454 g, USA




**129**
kr. 330 ml

**Boli**
330 ml

500g




**259**
kr. 500 g

**ES Salthnetur**
500 g




**159**
kr. 165 g

**Pringles Snakk**
3 tegundir, 165 g




**159**
kr. 170 g

**Doritos Snakk**
3 tegundir, 170 g




**95**
kr. 200 ml

**Britvic Tonic Water**
200 ml

500g




**898**
kr. 500 g

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g

770g




**259**
kr. 770 g

**Bónus Heilkornabrauð**
770 g

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt

KJARNAFÆÐI




**1.298**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Argentína, kryddað, stutt læri
eða Heiðalamb, kryddað

**100%**
**ÍSLENSKT**
ungnautakjöt




**498**
kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g

Matarmikil súpa
**FULLELDUÐ**
Aðeins að hita




**1 kg**

**1.598**
kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

**2**
**brauð í pakka**




**139**
kr. pk.

**Hvítlauksbrauð**
Frosin, 2 stk. í pakka

# NJÓTIÐ HELGARINNAR

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**4.598**
kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye




**4.598**
kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Fillet

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Útlit fyrir suðvestanátt með skúrum en bjartviðri á norðaustanverðu landinu með morgninum. Það styttir þó upp víðast hvar fyrir hádegi. Síðdegis snýst smám saman í vaxandi suðaustanátt og fer að rigna, en áfram er þó þurrkur norðaustan til. Hiti verður víða 5 til 11 stig.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 8° | 11° |
| 12 | 14 | 15 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 7° | 4° |
| 17 | 4 | 15 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 4° | 13° |
| 10 | 3 | 11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° | 10° | 6° |
| 12 | 7 | 17 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. festa blund
5. fóstra
6. íþróttafélag
8. jafnskipting
10. átt
11. of lítið
12. vilji
13. asi
15. tungumál
17. högg

**LÓÐRÉTT**
1. samtíningur
2. eldsneyti
3. ílát
4. afhending
7. handaband
9. vafi
12. kast
14. umrót
16. gjaldmiðill

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** sofna, **5.** ala, **6.** fh, **8.** mítósa, **10.** sa, **11.** van, **12.** vild, **13.** flas, **15.** norska, **17.** spark. **LÓÐRÉTT:** **1.** samsafn, **2.** olía, **3.** fat, **4.** afsal, **7.** handtak, **9.** óvissa, **12.** varp, **14.** los, **16.** kr.

## Skák Gunnar Björnsson

Aljekhín átti leik gegn Torre í Sevilla árið 1922.

**Svartur á leik**

**1.... Dxh3! 2. gxh3 Rf2+ 3. Kg1 Rxh3# 0-1.**

Meistaramót Skákskóla Íslands hefst í dag. Skráningu lýkur á hádegi.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**3.481 Íslendingur í framboði**
**Á fjórða þúsund**
Íslendinga er í framboði til sveitarstjórna um land allt.



**Eftirsótt í Þýskalandi**
**Sólveig Arnarsdóttir**
leikkona er þakklát fyrir femínískt uppeldi sitt.

**Sársaukinn hluti af ævintýrinu**
**Konráð Ragnarsson** sem dvaldi um tveggja ára skeið á Breiðuvík hefur lifað sársaukafullu en ævintýralegu lífi.



**Jordan Peterson**
**Fræðimaðurinn**
sem fólk elskar að rífast um rökræðir kenningar sínar.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






SPORT BÍÓ Krakkar

**Um helgina verða allar okkar stöðvar í opinni dagskrá.**

Kveiktu á gleðinni og horfðu á fjölbreytt og skemmtilegt úrval afþreyingar í opinni dagskrá alla helgina.

**stod2.is**

# Ég var sirkusapi sem spilaði í sjónvarpi og á götunni

**Alina Pogostkina byrjaði að læra á fiðlu fjögurra ára gömul og fimm ára spilaði hún konserta. Í kvöld flytur hún Fiðlukonsert Sibeliusar ásamt SÍ og hún segir að verkið eigi sérstakan stað í hjarta hennar.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Tónlist hefur verið órjúfanlegur hluti af lífi mínu alla mína daga. Foreldrar mínir eru bæði fiðluleikarar og pabbi kenndi mér fyrstu fimmtán árin," segir Alina Pogostkina. En Alina er hingað komin til þess að flytja Fiðlukonsert Sibeliusar með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu í kvöld undir stjórn Daniels Blendulf sem er margverðlaunaður sænskur hljómsveitarstjóri. Þess má geta að flutningur þessa sama konserts færði Alinu fyrstu verðlaun í Sibeliusar-keppni í Helsinki árið 2005.

**Spilað í götunni**

Alina er fædd í Leníngrad, nú Sankti Pétursborg, og hún segir að foreldrar hennar hafi ákveðið á sínum tíma að flytjast til Þýskalands til þess að reyna að öðlast betra líf fyrir fjölskylduna og bjartari framtíð fyrir hana. „Þau seldu allt sem þau gátu og við fluttumst til Þýskalands. Ég var átta ára og fyrst um sinn þurftum við að spila götunni til þess að draga fram lífið. Þetta var mikið ævintýri því fyrst þegar við komum þá þekktum við engan og foreldrar mínir höfðu engin sambönd. En smám saman tókst föður mínum að skipuleggja litla tónleika þar sem við spiluðum saman kammertónlist í kirkjum og víðar."

Alina segir að hún hafi byrjað skólagöngu í Þýskalandi og það hafi svo komið að því að hún hafi farið að stunda nám við Hans Eisler tónlistarháskólann í Berlín. Þetta voru ákveðin viðbrigði fyrir hana en þó kannski á óvæntan hátt.

„Að flytjast til Þýskalands, spila á götunni og fara í gegnum þetta tímabil kenndi mér mikið. Það kenndi mér fyrst og fremst að ég get átt heimili hvar sem er. Að rætur mínar eru í fólkinu mínu og tónlistinni og að heimili er að finna að maður sé velkominn. Á þessum tíma upplifðum við svo mikla gæsku frá fólki, alveg ókunnugu fólki, sem tók okkur inn á sitt heimili því við áttum engan samastað. Þetta kenndi mér að fólk er gott og að heimili er að vera hjá góðu fólki."

**Ég var sirkusapi**

Á tónleikunum í kvöld spilar Alina á fiðlu sem Antonio Stradivari smíðaði árið 1717. Fiðlan er kennd við Sasserno greifa sem átti hana á 19. öld en Pogostkina hefur hana að láni frá Nippon Music Foundation. Hún segir að þetta sé dásamlegt hljóðfæri en er hins vegar greinilega ekki upptekin af veraldlegum gæðum enda búin að reyna ýmislegt frá því hún byrjaði að læra á fiðlu aðeins fjögurra ára gömul. Hún segir líka að sá tími í Rússlandi hafi um margt verið erfiðari en það sem seinna kom í Þýskalandi. „Ég byrjaði að spila á fiðluna þegar ég var fjögurra ára og fimm ára gömul var ég farin að spila konserta. Þannig að ég var undrabarn og í Rússlandi var ég enn barn þegar ég var byrjuð að spila við undirleik hljómsveitar í sjónvarpinu. Ég var sirkusapi," segir hún og óskar greinilega engu barni sömu örlaga.

„Á þessum tíma voru undrabörn vinsæl í Rússlandi og foreldrar mínir þurftu að nýta sér það til þess að draga fram lífið. Þetta var leið til þess að komast frá eymdinni sem annars beið okkar í daglegu lífi. Faðir minn kenndi mér og þau vildu að ég næði eins langt og mögulegt væri til þess að komast burt úr þessum aðstæðum. Til þess að geta skapað okkur betra líf.

Þetta þýddi það að sem barn bjó ég við gríðarlega pressu. Allt lífið snerist um að ná eins langt á fiðlunni og væri mögulegt. Það komst ekkert annað að. Það var ekkert rými fyrir mig sem manneskju, hvað þá barn. Ekkert rými til þess að þroskast eða finna út úr því á minn hátt hvað ég vildi gera við líf mitt."



Alina segir að hún hafi lagt á sig mikla vinnu til þess að finna sína leið og tjáningu í tónlistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **AÐ FLYTJAST TIL ÞÝSKALANDS, SPILA Á GÖTUNNI OG FARA Í GEGNUM ÞETTA TÍMABIL KENNDI MÉR MIKIÐ. ÞAÐ KENNDI MÉR FYRST OG FREMST AÐ ÉG GET ÁTT HEIMILI HVAR SEM ER. AÐ RÆTUR MÍNAR ERU Í FÓLKINU MÍNU OG TÓNLISTINNI OG AÐ HEIMILI ER AÐ FINNA AÐ MAÐUR SÉ VELKOMINN.**

**Að finna mína leið**

Alina segir að þetta hafi verið aðstæðurnar sem hafi breyst þegar þau fluttu til Þýskalands og hún fór að sækja skóla þar og því hafi það að spila á götunni alls ekki verið slæmt í samanburðinum. „Þá fór ég að spyrja mig spurninga. Spyrja mig hvort ég vildi skapa tónlist sem hafði aldrei áður verið eitthvert val í lífi mínu. Það var þarna á þessum tímapunkti sem vegferð mín innan tónlistarinnar hófst á mínum forsendum og það er vegferð sem ég er á enn í dag."

Alina leggur áherslu á að þessi vegferð hafi verið fróðleg og að hún sé enn í dag að læra margt um sjálfa sig og tónlist á hverjum degi. „Það má segja að ég hafi verið að kenna sjálfri mér síðustu árin. Ég setti líka af stað prógramm fyrir unga tónlistarmenn þar sem markmiðið er að styðja við þá í tónlistarnáminu með allri þeirri pressu sem því fylgir. Styðja við þá sem fóru í gegnum það sem ég fór í gegnum sjálf á sínum tíma en án stuðnings. Það þarf að kenna þeim að finna sínar eigin leiðir að því að vera í sátt við sjálfan sig og tónlistina og vera ekki undir þessu stöðugu álagi alla daga – alltaf."

Sjálf segir hún að tilfinningar hennar gagnvart tónlistinni hafi breyst gríðarlega mikið á síðustu árum. „Fyrstu tuttugu ár ævinnar var ég að vinna að verkefni sem faðir minn lagði fyrir mig og ég gerði það án þess að spyrja spurninga. Vissulega var ég mjög hæfileikarík og þess vegna var þetta rétt. En þegar ég varð eldri og fór að spyrja spurninga þá myndaðist ákveðin krísa vegna þess að ég vissi ekki hvað mér átti að finnast um tónlistina án þess að faðir minn segði mér það. Þannig að núna eftir öll þessi ár og alla þá vinnu sem ég hef lagt í að skoða þessa hluti þá er ég alltaf að finna mig betur og betur í tónlistinni. Finna mína leið og mína tjáningu. Það er leið sem ég er enn á og verð alltaf á. Þetta er spennandi ferð því það er vera listamaður er eins og að vera manneskja. Efast alltaf og komast aldrei að endanlegri niðurstöðu. Horfa alltaf fram á við."

**Djúp og innileg tónlist**

Í kvöld spilar Alina Fiðlukonsert Sibeliusar og hún segir að þetta verk eigi alltaf sérstakan stað í hjarta hennar. „Þetta var uppáhaldskonsert móður minnar og ég erfði þá ást frá henni. Ég skynja líka ákveðna nánd við Finnland, fólkið og tónlistina, því það minnir mig um margt á hvaðan ég kem. Ég elska þessa tónlist. Hún er svo djúp, innileg og kraftmikil. Ég elska að spila þetta verk og er sérstaklega glöð að fá að spila þetta hérna á Íslandi því það fellur svo vel að landslaginu."

Alina segir að hún þurfi reyndar að passa sig hvar og hvenær hún spilar þessa tónlist því hún hafi gert of mikið af því á sínum tíma. „Þá hætti ég að spila verkið í nokkur ár og núna vel ég vandlega hvenær og hvar og þannig hef ég endurheimt ást mína á því."

Alina á þriggja ára gamla stúlku og hún segir að það sé henni því mikilvægt að velja vandlega hvert hún fer þegar hún fer að heiman til þess að spila. „Ég legg allar mínar tilfinningar í að spila en það er sú vegferð sem ég er á í dag. Er blessunarlega ekki lengur sirkusapi. Það eina sem ég veit líka er að ég ætla ekki að gera sömu mistök sem móðir og foreldrar mínir." Alina stoppar og hugsar sig um og bætir við: „Mistök er of sterkt orð því þau höfðu ekkert val. Núna bý ég við allt aðrar og betri aðstæður og stærsta og mikilvægasta gjöfin sem ég get gefið henni er að lifa við algjört frelsi varðandi það hvað hún vill gera við líf sitt. Að taka henni eins og hún er og styðja hana í því sem hún velur að taka sér fyrir hendur."



Geir Þorsteinsson, 1. sæti



Jakobína Agnes Valsdóttir, 2. sæti

# GERUM BREYTINGAR Í KÓPAVOGI

Kjósum Miðflokkinn X-M

## MIÐFLOKKURINN ÆTLAR AÐ:

- **Lækka skatta í Kópavogi,** útsvar og fasteignagjöld.
- **Lækka laun bæjarfulltrúa og bæjarstjóra** um a.m.k. fjórðung.
- Forgangsraða í þágu fjölskyldna með ung börn með því að **tryggja pláss hjá dagforeldri eða í leikskóla frá eins árs aldri,** niðurgreiða að fullu næringarríkar skólamáltíðir fyrir börn 6-12 ára og **hækka frístundastyrk í 75 þús. krónur.**
- **Reka fyrirmyndar** velferðarþjónustu.

Kosningakaffi Miðflokksins verður á Suðurlandsbraut 18, klukkan 11:00 á laugardaginn.

www.facebook.com/MidflokkurinniKopavogi

MIÐFLOKKURINN
KÓPAVOGUR

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Föstudagur

Hvar@frettabladid.is



Kristín Svava Tómasdóttir mun lesa upp ljóð ásamt Kára Tulinius, Þórunni Jörlu Valdimarsdóttur og fleirum á Norðurbakkanum í Hafnarfirði.

## 25. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Raflost: Nemendasýning
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Raflost: Sýning á afrakstri RAFLOSTa námskeiðsins við LHÍ. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Raflost: Hljóð- og myndleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Raflost: Fjölmargir mynd- og tónlistarmenn koma fram og sýna sín rafrænu hljóð- og myndlistarverk. Má þar nefna SólEy, Pál Ivan frá Eiðum, Rúnar Marinósson & Árna Jónsson, Andra Björgvinsson, Kristínu Helgu Ríkharðsdóttur, Unu Sigtryggsdóttur, Lomma og Margréti Iversen. Aðgangseyrir: 2.000 kr.

**Hvað?** Vortónleikar Kórs Háteigskirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háteigskirkja
Á tónleikunum verður sungin fjölbreytt íslensk kórtónlist, þar sem trúarleg stórvirki mæta fallegum náttúrulýsingum og lifandi vorlögum. Flutt verða verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Hjálmar H. Ragnarsson, Jón Nordal, Þorvald Örn Davíðsson, Jórunni Viðar, Jón Ásgeirsson og fleiri. Kór Háteigskirkju syngur undir stjórn Steinars Loga Helgasonar.

**Hvað?** R6013: Fruiting Bodies (CAN), Jelena Ćirić, Tiara Fermata, S.hel.
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ingólfsstræti 20

**Hvað?** The Borrowed Brass Blues Band á Hressó
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Hressó, Austurstræti
Austan af fjörðum kemur The Borrowed Brass Blues Band til þess að spila blús og rokk í höfuðstaðnum. Allt frá Mama Cass til Led Zeppelin, en hljómsveitin er með gríðarlega fjölbreytt lagaval, íslensk lög og erlend. Við hlökkum til að sjá ykkur á Hressó og lofum miklu stuði fram eftir kveldi.

**Hvað?** KBE kynnir: Herra Hnetusmjör á Hard Rock
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Hnetusmjörið spilar heilan haug af nýju efni í kjallaranum á Hard Rock. 1.500 kall inn.

**Hvað?** Mosi (live) & Positive Vibrations Night
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Boston, Laugavegi
Það er tilefni til að fagna á föstudaginn því Mosi býður þér á tónleika á Boston sem munu enda í Positive Vibrations kvöld með Tomma White & Lewis Copeland. Það er frítt inn.

**Hvað?** Singapore Sling á Húrra
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Í kvöld heldur Singapore Sling tónleika á Húrra og munu Skrattar spila á undan. Eru þetta fyrstu tónleikar Singapore Sling hér í bæ síðan í nóvember 2016 en í millitíðinni kom út platan Kill Kill Kill (Songs About Nothing) og bla bla bla bla bla. Aðgangseyrir er 2.000 kr. og húsið opnað kl. 21.00 og tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 22.30.

### Sýningar

**Hvað?** Me too
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Gallerý Tobba, Keflavík
Sýningin Me too verður í Gallerý Tobba föstudaginn og laugardaginn 25. og 26. maí.

**Hvað?** Myndlistarsýning á Radisson Blu Hotel
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Radisson Blu Hotel, Pósthússtræti
Þetta er opnunar-/kynningarsýning á verkunum XTAL. Svo opnast vefsíða sama kvöld þar sem hægt verður að fjárfesta í verkunum. Það verða fríir drykkir á meðan birgðir endast.

### Viðburðir

**Hvað?** Ljóðakvöld á Norðurbakkanum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norðurbakkinn, Hafnarfirði
Í dag verður enn á ný efnt til ljóðaupplesturs á Norðurbakkanum í Hafnarfirði. Þá munu lesa upp skáldin Kári Tulinius, Þórunn Jarla Valdimarsdóttir og Kristín Svava Tómasdóttir. Kynnir verður Anton Helgi Jónsson sem einnig les ljóð.



Herra Hnetusmjör prufukeyrir nýja tónlist og fleira í kjallara Hard Rock Café í kvöld.







OPIÐ HÚS 26. MAÍ FRÁ KL. 10 - 16

# RAFBÍLA-DAGURINN

Komdu í Vatnagarða 20 og kynntu þér allt það sem þú þarft að vita um raf- og blendingsbíla. Askja, BL, Hekla og Toyota verða á staðnum og kynna bíla sína og margvíslegan búnað. Sérfræðingar umboða og söluaðilar hleðslustöðva verða á staðnum og svara spurningum.

Haldnir verða fróðlegir fyrirlestrar um rafbíla, hleðslustöðvar, nýsköpun og umhverfismál.

***Allir velkomnir!***

ASKJA BL HEKLA TOYOTA



## DAGSKRÁ FYRIRLESTRA

**Kl. 11:00, 13:00 og 15:00**

### RAFBÍLLINN Í DAG

Sigurður Svavar Indriðason, MSc. í bifreiðaverkfræði

**Kl. 12:00**

### TEAM SPARK

Keppnislið HÍ í Formúla Student fjallar um keppnisbíl sinn

**Kl. 13:40**

### SAMAN BÆTUM VIÐ ANDRÚMSLOFTIÐ

*Orka náttúrunnar*

Hafrún Þorvaldsdóttir, sölustjóri

**Kl. 14:20**

### HLEÐSLUSTÖÐVAR

*- Hvernig er best að hlaða rafbíla?*

Ólafur Davíð Guðmundsson, sérfræðingur í hleðslustöðvum

HLAÐA ísorka JOHAN RÖNNING

Grillaðar pylsur
frá 12:30 - 15:00

IÐAN
fræðslusetur
www.idan.is




**KOSNINGAR 2018: KAPPRÆÐUR**
KL. 18:55

Fréttastofa Stöðvar 2 hefur efnt til kappræðna með formönnum framboða sem eiga möguleika á að ná inn fulltrúum í þremur stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Lokaþáttur fyrir kosningar er í kvöld í beinni útsendingu og opinni dagskrá í kjölfar kvöldfrétta.

Opin dagskrá alla helgina
**Föstudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**




**AMERICAN IDOL**
KL. 19:45
Spennandi úrslitaþáttur af American Idol með frábærum dómurum í hverju sæti. Hinn eini sanni Lionel Richie, Katy Perry og Luke Bryant.




**WONDER WOMAN**
KL. 21:15
Eftir að Díana prinsessa af Themysciru bjargar lífi breska flugmannsins Steves Trevor árið 1915 leiðir það til þess að Díana ákveður að bjarga eins mörgum mannslífum og hún getur. **Hörkuspennandi ofurhetjumynd með Gal Gadot í aðalhlutverki.**




**COLOSSAL**
KL. 23:35
Skemmtileg spennumynd um unga konu sem fer að tengja sig við náttúruhamfarir eftir að hún slítur samvistum við unnustann sinn.




BÍÓ
**AMERICAN HONEY**
KL. 22:00
Unglingsstúlka sem hefur engu að tapa slæst í för með hópi farandsölumanna sem lifir hátt og semur sínar eigin reglur.

Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**

**stod2.is**




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.45 Ljóti andarunginn og ég**
**08.05 Strákarnir**
**08.30 The Middle**
**08.55 Mom**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Great News**
**10.45 Restaurant Startup**
**11.30 Svörum saman**
**12.05 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 50 First Dates**
**14.40 Fantastic Beasts and Where to Find Them**
**16.50 Mið-Ísland**
**17.20 Friends**
**17.45 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Kosningar 2018: Kappræður** Fréttastofa efnir til kappræðna með formönnum framboða sem eiga möguleika á að ná inn fulltrúum í þremur stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Byrjað verður á Kópavogi miðvikudaginn 23. mai, frambjóðendur í Hafnarfirði takast á fimmtudaginn 24. maí og endað verður með oddvitum framboða í Reykjavík föstudaginn fyrir kosningar hinn 25. maí. Þættirnir verða allir í beinni útsendingu og opinni dagskrá í kjölfar kvöldfrétta.
**19.30 Sportpakkinn**
**19.40 Fréttayfirlit og veður**
**19.45 American Idol**
**21.15 Wonder Woman** Spennandi og stórgóð ofurhetjumynd frá 2017 sem er talin ein af þeim bestu síðari ár úr smiðju DC Comics. Með aðalhlutverk fara meðal annars Gal Gadot, Chris Pine og Robin Wright. Eftir að Díana prinsessa af Themysciru bjargar lífi breska flugmannsins Steves Trevor árið 1915 segir hann henni af styrjöldinni í Evrópu sem leiðir til þess að Díana ákveður að blanda sér í slaginn og bjarga eins mörgum mannslífum og hún getur.
**23.40 Colossal**
**01.25 2 Guns**
**03.15 Sully**
**04.50 50 First Dates**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.50 Houston Rockets - Golden State Warriors**
**09.45 Boston Celtics - Cleveland Cavaliers**
**11.40 Úrslitaleikur kvenna: Wolfsburg - Lyon**
**13.20 Leiknir R. - ÍR**
**15.00 Fjölnir - KR**
**16.40 Grindavík - Valur**
**18.20 Breiðablik - ÍBV**
**20.00 Pepsi-mörk kvenna**
**21.05 Búrið**
**21.40 Úrslitaleikur kvenna: Wolfsburg - Lyon**
**23.20 NBA Special: Clutch City**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**11.10 Úrslitaleikur kvenna: Wolfsburg - Lyon**
**12.55 Barcelona - Real Sociedad**
**14.35 Villarreal - Real Madrid**
**16.15 Spænsku mörkin**
**16.45 Fyrir Ísland**
**17.25 Formúla 1: Spánn - Kappakstur**
**19.45 Premier League World**
**20.15 Crystal Palace - WBA**
**21.55 Swansea - Stoke**
**23.35 Messan**

## STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 Anger Management**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 First Dates**
**21.40 The Simpsons**
**22.05 American Dad**
**22.30 Bob's Burgers**
**22.55 Gotham**
**23.40 Krypton**
**01.10 Schitt's Creek**
**01.35 NCIS: New Orleans**
**02.20 Anger Management**
**02.45 Seinfeld**
**03.10 Friends**
**03.35 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Mamma Mu**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Stóri og litli**
**10.13 Tindur**
**10.27 K3**
**10.38 Mæja býfluga**
**10.50 Kormákur**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Mamma Mu**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Ævintýraferðin**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Stóri og litli**
**14.13 Tindur**
**14.27 K3**
**14.38 Mæja býfluga**
**14.50 Kormákur**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Mamma Mu**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Ævintýraferðin**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Stóri og litli**
**18.13 Tindur**
**18.27 K3**
**18.38 Mæja býfluga**
**18.50 Kormákur**
**19.00 Smáfólkið**



**Mæja býfluga klukkan 10.38, 14.38 og 18.38**

## GOLFSTÖÐIN

**08.20 LPGA Tour**
**10.20 Inside the PGA Tour**
**10.45 Fort Worth Invitational**
**13.45 Golfing World**
**14.35 Inside the PGA Tour**
**15.00 Fort Worth Invitational**
**18.00 LPGA Tour**
**20.00 Fort Worth Invitational**
**23.00 LPGA Tour**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.45 Experimenter**
**11.25 Mr. Turner**
**13.50 The Space Between Us**
**15.50 Experimenter**
**17.30 Mr. Turner** Vönduð mynd frá 2014 byggð á sönnum atburðum. Eftir dauða föður síns verður landslagsmálarinn J.M.W. Turner kaldlyndur í garð elskandi húsfreyju sinnar og stofnar til sambands við konu við sjávarsíðuna og býr með henni á laun. Á sama tíma ferðast Turner, málar, hittir fyrirmenni, heimsækir vændishús, gengur í Konunglegu listakademíuna, festir sig við skipsmastur til að mála og er bæði hylltur og hæddur af almúganum jafnt sem fyrirfólki.
**20.00 The Space Between Us**
**22.00 American Honey** Dramatísk mynd frá 2016 með Sasha Lane og Shia LaBeouf í aðalhluverkum. Star, unglingsstúlka, sem hefur engu að tapa, slæst í för með hópi farandsölumanna sem lifa hátt og semja sínar eigin reglur.
**00.40 Hateful Eight** Mögnuð mynd frá 2015 úr smiðju Quentins Tarantino með Samuel L. Jackson, Kurt Russell og Jennifer Jason Leigh í aðalhlutverkum. Myndin gerist í Wyoming eftir borgarastríðið þar sem hausaveiðarar reyna að finna skjól í ofsafengnum snjóbyl en flækjast inn í atburðarás sem er litüð af svikum og blekkingum.
**03.25 American Honey**

## RÚV

**16.40 Músíktilraunir 2018**
**17.10 Hvað hrjáir þig?**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Froskur og vinir hans**
**18.07 Rán og Sævar**
**18.18 Söguhúsið**
**18.25 Börnin í bekknum - tíu ár í grunnskóla**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Andstæðingar Íslands**
**20.15 Sveitastjórnarkosningar 2018: Umræðuþáttur**
**22.15 Njósnadeildin: Heildarhagsmunir**
**00.00 Hefndarsögur**
**01.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 King of Queens**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**09.45 The Late Late Show with James Corden**
**10.25 Síminn + Spotify**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 The Mick**
**14.15 Gudjohnsen**
**15.00 Family Guy**
**15.25 Glee**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.30 The Voice USA**
**21.00 Tomorrowland**
**23.10 Indiana Jones and the Last Crusade**
**03.05 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# HB HÚSGAGNABANKINN

**NÝKOMIN SENDING AF GLÆSILEGUM HÚSGÖGNUM**

**Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is**



Tilboð **96.000**



Tilboð **30.000**



Tilboð **48.000**



Tilboð **77.000**



Tilboð **98.000**



Tilboð **125.000**



Tilboð **223.000**



Tilboð **175.000**



Tilboð **256.000**



Classico - Alklætt ekta leðri

Tilboð **290.000**



Rubelli - Alklæddur ekta leðri

Tilboð **74.000**



Houston - Alklætt hágæða leðri

Tilboð **420.000**

Opið frá 13 - 18 virka daga og 13 - 16 laugardaga

**www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030**




### Gæsahúð fyrir leik

Trúlega eitt þekktasta stuðningsmannalag heims enda nota mörg lið það eins og Dortmund, Feyenoord, FC Tokyo og Glasgow Celtic. Liverpool hefur þó alltaf verið skör ofar og Gerry & The Pacemakers hafa hljómað þar ótt og títt um hátalarakerfið. Þeir sem hafa staðið á Anfield með Liverpool-trefil í hendi og sungið línurnar við lagið segja að þetta sé ógleymanleg stund.

*Walk on, walk on*
*With hope in your heart*
*And you'll never walk alone*
*You'll never walk alone*

# Eftirminnileg íþróttalög

Benedikt Bóas Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



**Will Smith** mun frumflytja lag Heimsmeistarakeppninnar í dag. Samkvæmt Instagram-reikningi mun lagið bera nafnið One Life to Live. Live it Up. Margir íþróttasöngvar hafa heyrst í gegnum tíðina en fáir slegið í gegn. Fréttablaðið rifjaði upp nokkra þá bestu hér heima og erlendis.



Aron Einar er Þórsari.

### ÍSLENSKT, JÁ TAKK

**Strákarnir í Brennslunni á FM957, Kjartan Atli Kjartansson og Hjörvar Hafliðason, héldu í fyrra kosningu um besta stuðningsmannalagið. Var það lag Þórs frá Akureyri, Deyja fyrir klúbbinn í flutninigi Dagnýjar Elísu Halldórsdóttur, sem bar sigur úr býtum.**

**Vann það meðal annars lagið Komum fagnandi áfram, lag ÍBV sem Ívar Bjarklind syngur svo snilldarlega, Fjölnislagið í flutningi Jónsa úr sveitinni Í svörtum fötum, lag Hauka, flutt af Páli Rósinkranz, KR lagið Allir sem einn og Tindastólslagið með Kristjáni Gíslasyni.**



Frakkar unnu Heimsmeistaramótið á heimavelli, árið sem Martin söng lagið góða.



Ricky Martin.

### Langbesta HM lagið

Ricky Martin gerði lagið The Cup of Life fyrir heimsmeistamótið 1998. Hresst og skemmtilegt lag sem fangaði tíðarandann með bravör og gerir það enn. Martin var á hátindi ferils síns og vinsældir hans minnkuðu ekkert eftir þetta lag. Flestir eru sammála um að þetta HM-lag sé það langbesta og einnig það langvinsælasta.

*Un, dos, tres! Ole, ole, ole!*
*Un, deux, trois! Ale ale, ale!*
*Tonight's the night*
*we're gonna celebrate*
*The cup of life! Ale, ale, ale!*



Queen samdi meistaraslagara

### Hverjir eru bestir

Queen, ein allra besta hljómsveit allra tíma, gerði lagið We are the Champions. Í raun fæddist sigurganga þess lags þegar lokatónninn var sleginn inn á plötuna News of the World árið 1977. Sumir hafa hent í Simply the Best eftir að hafa unnið titil en það er alltaf kjánalegt. Þetta er eini sigursöngurinn og titlasöngurinn sem til er.

*We are the champions, my friends*
*And we'll keep on fighting 'til the end*
*We are the champions*
*We are the champions*
*No time for losers*
*'Cause we are the champions of the world*

### Kemur öllum í gírinn

**Meistaradeildin í Evrópu er nánast orðin stærri en HM og þegar Meistaradeildarstefið hljómar veit fólk að það er verið að fara flauta á skemmtun í 90 mínútur. Tony Britten samdi stefið árið 1992. Tenórarnir þrír voru þarna á miklu flugi og ofbeldi einkenndi evrópskan fótbolta. Hann vildi því koma með smá klassa í fótboltann. Það tókst og nú kemur þetta stef fólki, hvort sem það er á vellinum eða heima í stofu, í bullandi stemmingu.**



Will Grigg er vinsæll.

### Will Grigg er í stuði

Langbesta stuðningsmannalag um leikmann. Það er ekkert sem kemst með tærnar þar sem þetta lag hefur hælana. Sean Kennedy, stuðningsmaður Wigan, á þennan magnaða texta við lagið Freed from Desire með hinni ítölsku Gala. Gregg var ónotaður varamaður í liði Norður-Íra á EM 2016 og voru flestir sammála um að landsliðsþjálfarinn væri leiðindapési fyrir að leyfa ekki Grigg að fá nokkrar mínútur – bara fyrir áhorfendur.

*„Will Grigg's on fire, your defence is terrified"*



Ronaldo hefur einnig unnið deildina fjórum sinnum.




Messi hefur unnið Meistaradeildina fjórum sinnum.




**1.** ÞÓRDÍS LÓA ÞÓRHALLSDÓTTIR

**2.** PAWEL BARTOSZEK



# Láta háu hælana fjúka

Nýverið bárust fregnir af því að sala á skóm með háum hælum hefur dregist saman um 12 prósent í Bandaríkjunum og sömuleiðis hefur sala á strigaskóm fyrir konur aukist um 37 prósent. Konur eru greinilega farnar að setja þægindin í fyrsta sæti og leggja pinnahælana til hliðar.

Þegar stærstu tískuhús í heiminum á borð við Louis Vuitton, Balenciaga, Chanel og Gucci eru farin að skipta háu hælunum út fyrir strigaskó á tískupallinum þá er það vísbending um að flatbotna skór séu að taka yfir. Sem er fagnaðarefni. En hverjar eru ástæðurnar? Fólk er farið að hugsa meira um heilsuna, hreyfa sig, telja skrefin yfir daginn og vinna að heiman í stað þess að fara á skrifstofuna og fylgja sérstökum fatareglum þar. Úrvalið hefur líka sjaldan verið meira og eins og tískan er í dag þá passa strigaskórnir við allt: dragtir, pils, kjóla og gallabuxur. Förum inn í sumarið í þægilegum skóm.



**H Verslun**
**Converse**
**9.990 kr.**



**Þægindin eru sett í fyrsta sæti og eru pinnahælar lagðir til hliðar.**



***Húrra Reykjavík***
**Nike**
**24.990 kr.**



**Converse passa við allt, líka stuttan kjól og sokkabuxur.**



**Tískuhús Chanel er komið með sína útgáfu af strigaskóm.**

**SALA Á STRIGASKÓM FYRIR KONUR HEFUR AUKIST UM 37 PRÓSENT.**



**ÞEGAR STÆRSTU TÍSKUHÚS Í HEIMINUM ERU FARIN AÐ SKIPTA HÁU HÆLUNUM ÚT FYRIR STRIGASKÓ Á TÍSKUPALLINUM ÞÁ ER ÞAÐ VÍSBENDING UM AÐ FLATBOTNA SKÓR SÉU AÐ TAKA YFIR.**



GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter


TILBOÐ
ísey SKYR
TILBOÐ KAUPIR 4 FÆRÐ 6
PIZZA OSTUR
ÓÐALSOSTUR & GOUDA STERKUR
ÓÐALS OSTATVENNA
TILBOÐ 2 FYRIR 1
TILVALIÐ MEÐ BOLTANUM
HÁGÆÐA PRÓTEIN 22 g
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
SÝRÐUR RJÓMI
TVÖFALT MEIRA MAGN
KYNNTU ÞÉR
FRÁBÆR HM TILBOÐ
Í NÆSTU VERSLUN













# Vill sjá Íslendinga þétta eins og Windsor-hnút

**Lexi Picasso** hefur verið kallaður dulin perla í íslenskri tónlist. Hann bjó í Atlanta og hefur unnið með stærstu nöfnum rapptónlistar í heiminum. Hann heldur sína fyrstu tónleika hér á landi í kvöld.

Í kvöld í Gamla bíói verður slegið upp stórtónleikum. Það eru þeir Lexi Picasso, Birnir og Joey Christ sem sjá um tónlistina auk leynigesta.

Lexi Picasso er dularfullur íslenskur rappari sem hefur verið svolítið á milli tannanna á fólki og vinsæll á samfélagsmiðlum þar sem hann sést gjarnan með seðlabúnt á milli handanna og oftar en ekki að fljúga um í þyrlum.

Lexi sendi frá sér töluvert magn tónlistar í fyrra á mjög stuttum tíma, þar fór fremst í flokki lagið Piano Jam sem var talið eitt besta rapplagið það árið á Íslandi af útvarpsþættinum Kronik. Hann hefur unnið töluvert með pródúserahópnum 808 Mafia og einnig J.U.S.T.I.C.E. League – hann gaf út heila plötu með þeim síðarnefndu. Lexi var búsettur í Atlanta um tíma en þar vann hann með mörgum risastórum nöfnum í senunni. Þetta eru hans fyrstu formlegu tónleikar á landinu þó að hann hafi komið nokkrum sinnum fram áður.

„Ég hef haft þetta í höfðinu lengi, alveg síðan 2016 þegar ég flaug Reazy Renegade [pródúser sem hann hefur unnið með] til landsins og þá ætluðum við að spila í Gamla bíói en okkur mistókst að fá húsnæðið því ég fattaði ekki að á sama tíma voru aðrir tónleikar í húsinu. Það er annars engin sérstök ástæða fyrir því að ég held þetta núna – mig langaði í raun bara til að byrja sumarið með látum. Þetta var hugsun, sem svo breyttist í símtal sem svo varð að einhverju óvæntu. Þetta var smá heppni í raun, með smá hjálp frá öllum sem að þessu koma," svarar Lexi þegar hann er spurður að því af hverju hann sé að halda sína fyrstu tónleika akkúrat núna þegar blaðamaður nær loks viðtali við hann. Hann segir að á þessa tónleika megi jafnvel líta sem útgáfutónleika fyrir plötuna hans sem kom út í desember í fyrra, sem var alfarið pródúseruð af áðurnefndum J.U.S.T.I.C.E. League.

„Ég ætla að spila þá plötu í heild sinni þannig að við getum alveg kallað þetta útgáfutónleika. Mjög síðbúna útgáfutónleika, en það er aldrei of seint að fagna, ekki satt? Ég ákvað líka að taka með mér þá bestu: Joey Christ og Birni. Þarna verða líka leynigestir. Ég er fjandi viss um að þetta verður það langbesta sem er að gerast í kvöld og bara alla helgina."

Spurður að því hvað hann sé annars að bralla þessa daga segir Lexi að það sem beri hæst sé kannski lagið sem hann er búinn að vera að vinna með Svölu Björgvins.

„Ég er að bíða eftir því að hún komi til landsins – svo við getum gefið þetta út saman – hent í pop-up tónleika og spilað sínginn saman. Smá hlustunarpartí. Ég er líka með plötu á leiðinni og annað verkefni sem ég má ekki tala um alveg strax – en við skulum segja að ég sé búinn að toppa allt sem ég hef gert hingað til. Þetta er dæmi sem á eftir að brjóta internetið!"

Hann segist líka vera með fjögur tónlistarmyndbönd á leiðinni sem hann mun gefa út öll í einu, þar af eitt sem var tekið upp í 8K gæðum og telur hann það vera eina slíka myndbandið sem gert hafi verið í heiminum. Raunar eru gæðin svo mikil að aðeins tvær tölvur á landinu ráða við að vinna það. Hann segist ætla að gefa myndböndin öll út saman og stuttmynd með.



Ásamt Lexa koma Birnir og Joey Christ fram en þeir luma báðir á nýrri tónlist.

> EF ÉG Á AÐ VERA HREINSKILINN ÞÁ FINNST MÉR AÐ ÍSLENDINGAR ÆTTU AÐ ÁTTA SIG Á ÞVÍ AÐ VIÐ ÞURFUM EKKI AÐ FLYTJA INN STÓR NÖFN Í TÓNLIST ÞEGAR VIÐ ERUM MEÐ SVONA HÆFILEIKARÍKT FÓLK HÉR Á LANDINU

„Ég er fullkomnunarsinni og ég verð að hafa allt eins nálægt fullkomnun og ég get. Það gerir það stundum að verkum að ég er lengi að gefa út."

Þetta verður sem sagt sumarið hans Lexa?

„Við skulum vona það! Ég meina, ég vil bara fá fólk til að brosa og vonandi fá smá tan hérna!

Þetta sumar verður allavega eitt aðalsumarið fyrir þessa kynslóð. Þetta verður risasumar fyrir rapp, popp og hvað þú vilt kalla það. Við Íslendingar erum að sækja fram sem tónlistarmenn og ef ég á að vera hreinskilinn þá finnst mér að Íslendingar ættu að átta sig á því að við þurfum ekki að flytja inn stór nöfn í tónlist þegar við erum með svona hæfileikaríkt fólk á landinu sem getur gert miklu betri tónlist. Ég vil sjá Íslendinga standa jafn þétta og tvöfaldan Windsor-hnút."

Kaupa má miða á tix og leikar hefjast klukkan tíu í kvöld.



Lexi og Svala eru búin að mixa lag saman.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*


BACON
QUESADILLA
Mjúk tortilla,
beikon, ostur, sósa
og kjúklingur.
Skiptu út kjúkling
fyrir hakk – aðeins 100 kr.
í viðbót.
1099 KR.
Bacon Quesadilla,
nachos, gos og
súkkulaði með
piparfylltum Appolo
lakkrís.
pepsi
BOXMÁLTÍÐ
1699 KR.
TACO
BELL
Hafnarfirði / Grafarholti
www.tacobell.is




# **Kynnum nýtt nafn og merki**
# með bros á vör

ISS Ísland hefur tekið upp nafnið Dagar. Nýja nafnið vísar til framtíðarinnar og undirstrikar fjölbreytni þeirra verkefna sem okkar öflugi **800 manna hópur leysir frá degi til dags á 20 stöðum á landinu:** Ræstingar, matargerð, framreiðsla, fasteignaumsjón og margt annað sem til fellur í fyrirtækjum.




Dagar búa að áratuga reynslu sprottinni úr alþjóðlegu samstarfi sem hefur fært okkur vel mótað verklag og stranga staðla. Þannig haldast skipulag og sveigjanleiki hönd í hönd því þótt sólarhringurinn sé alltaf 24 klukkustundir eru engir tveir dagar eins.

**Við hlökkum til að létta þér lífið með bros á vör.**

Léttum þér lífið

dagar

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Maríu Bjarnadóttur



## P-dagurinn

Þegar lýðurinn reis upp í Frakklandi árið 1789 var hann ekki mikið að pæla í persónuvernd. Frelsi undan kúgun og aðgangur að mat voru meira til umfjöllunar. Líklega þess vegna er ekki fjallað um friðhelgi einkalífs í yfirlýsingunni um réttindi mannsins, skjalinu sem er formóðir flestra vestrænna stjórnarskráa.

Friðhelgi gegn geðþóttavaldbeitingu fulltrúa ríkisvaldsins fékk þó fljótlega lagalega vernd beggja vegna Atlantshafsins, ekki síst vegna dólgslegrar framgöngu fulltrúa Georgs II Englandskonungs, sem ríkti yfir breska heimsveldinu – þar með talið amerísku nýlendunum. Það gerðist með fjórða viðauka við bandarísku stjórnarskrána sem tók gildi 1792 og varð eitt fyrsta skráða stjórnarskrárákvæðið um persónuvernd. Í stjórnarskránni sem Íslendingar settu sér á Þingvöllum 1944 var kveðið á um sambærilega vernd; um að heimili manneskju væri kastali hennar, eða „friðheilagt“.

Síðar sameinuðust ríki heims um lágmarksviðmið um réttindi einstaklinga. Meðal þeirra var friðhelgin, sem náði líka til einstaklingsins, með eða án heimilis.

Í sífellt stafrænni heimi er sótt að þessari friðhelgi úr fleiri áttum en áður. Innrás sumra handhafa ríkisvalds á heimili borgara hefur tekið á sig nýjar myndir, nú í þágu öryggis og baráttu gegn hryðjuverkum. Einkaaðilar og fyrirtæki safna og selja persónuupplýsingar fólks án vitundar þess eða vilja. Fólk deilir í heimildarleysi einkaupplýsingum annarra.

Tækniþróunin kallar á nokkuð miklu eldra en frönsku byltinguna. Traust. Að fólk geti treyst þeim sem fara með persónuupplýsingar þess. Það er einn megintilgangur reglugerðar sem tekur gildi í aðildarríkjum Evrópusambandsins í dag. Spennandi verður að sjá hvernig lýðurinn tekur henni.

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum
Iceland

Jói Fel
BAKARÍ

VEISLUÞJÓNUSTA
*Sjá úrval veislubakka á www.joifel.is*

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI
Serta 25% AFSLÁTTUR Serta
AF ÖLLUM HEILSUDÝNUM FRÁ SERTA
STÆRSTA DÝNUFRAMLEIÐANDA Í HEIMI

EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS
*Opera*
25% AFSLÁTTUR
SERTA-DAGAR



Aukahlutir á mynd: botn, fætur og höfuðgafl.

SERTA OPERA HEILSUDÝNUR
ÓTRÚLEGT VERÐ
Serta
25% AFSLÁTTUR
Opera heilsudýna, 120 x 200 cm.
63.750 KR.
TILBOÐSVERÐ
FULLT VERÐ: 85.000 KR.

- Sjö laga heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við mjóbak.
- Vandað fimmsvæða skipt pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði sem andar vel.
- Steyptar kantstyrkingar.


Aukahlutir á mynd: botn, fætur og höfuðgafl.

SERTA CAVALLO
Cavallo heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Fimm svæða pokagormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæði. Cavallo er gerð úr náttúrulegum efnum, efsta yfirlag er 7 cm þykkt og gert úr hrosshári. Steyptir hliðarkantar dýnunnar gefa 25% meira svefnsvæði.
Stærðir: 160 x 200 / 180 x 200 / 180 x 210 / 192 x 203 / 200 x 200 cm.
Serta
25% AFSLÁTTUR
Cavallo heilsudýna, 160 x 200 cm.
157.425 KR.
TILBOÐSVERÐ
FULLT VERÐ: 209.900 KR.

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK